LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
FJÖLRIT NR. 14

BOTNDÝRALÍF Í HVALFIRÐI

Kristín Aðalsteinsdóttir
Arnþór Garðarsson

REYKJAVÍK 1980

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR

Hér verður gerð grein fyrir yfirlitskönnun á botndýralífi Hvalfjarðar. Könnun þessi var unnin sem hluti stærra verkefnis, sem var könnun á lífríki og umhverfi í Hvalfirði, einkum í næsta nágrenni við Grundartanga, Skilmannahreppi, vegna málmblendiverksmiðju, sem þar er nú risin. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að gera sér grein fyrir því ástandi sem ríkir á svæðinu og breytingum, sem verða kunna í framtíðinni.

Rannsóknir þessar voru unnar samkvæmt samningi Líffræðistofnunar Háskólans og Íslenska járnblendifélagsins, er staðfestur var í apríl 1978.

Við viljum þakka Elínu Sigvaldadóttur, Guðrúnu Á. Jónsdóttur, Ólafi Ástþórssyni og Sveini Ingvarssyni fyrir störf við töku og úrvinnslu sýna, Árna Einarssyni, Bjarna Ásgeirssyni, Birni Björnssyni, Hrefnu Sigurjónsdóttur, Jóni G. Ottóssyni, Mörtu Ólafsdóttur og Smára Haraldssyni fyrir aðstoð við sýnatöku og sömuleiðis áhöfn Gísla J. Johnsen, þeim Jóhannesi Briem, Óskari Baldurssyni, Sigurði Guðmarssyni og Valgarði Þorkelssyni, fyrir ýmsa aðstoð. Síðast en ekki síst ber að þakka eftirtöldum sérfræðingum fyrir aðstoð við tegundaákvörðun dýra: Dr. Agnari Ingólfssyni (krabbadýr), Árna Einarssyni (lindýr), Árna Heimi Jónssyni (burstaormar), Erlingi Haukssyni (skrápdýr), Erling Ólafssyni (hveldýr), Eyjólfi Friðgeirssyni (fiskar), Gunnari Jónssyni (fiskar), Helga Guðmundssyni (burstaormar), Jóni Baldri Sigurðssyni (lindýr o.fl.) og dr. R.H. Millar (möttuldýr).

2. AÐFERÐIR

2.1. Sýnataka

Sýnataka fór fram á tímabilinu júní 1975-ágúst 1976. Úrvinnsla fór fram árin 1975 og 1976 og 1978-1979.

Hvalfirði var skipt niður í reiti, 1000 x 1000 m. Línurnar, sem afmarka reitina voru færðar inn á kort af Hvalfirði og tölumerktar eftir kerfi sem spannar innfirði Faxaflóa frá Hvalfirði suður í Straum.

Í næsta nágrenni Grundartanga voru notaðir smærri reitir, 500 x 500 m, og tölumerkt þannig að línan sem dregin var t.d. á milli höfuðlína 50 og 51 var merkt 50.5. Greiparsýni voru tekin þar sem línur skerast. Togsýni voru tekin milli nokkurs hluta greiparstöðvanna. Hver greiparstöð var auðkennd með númerum þeirra lína, sem skerast á stöðinni. Togstöðvar voru auðkenndar með bókstafnum T og tölusettar frá 1 og upp í 18. Greipar- og togstöðvar, ásamt merkingakerfi því sem notað var, eru sýndar á 1. mynd.

Greiparsýni voru tekin með Shipek-greip 200 x 205 mm, er tekur um 4 lítra. Alls voru tekin sýni á 79 greiparstöðvum, en 2 stöðvum varð að sleppa þar sem botn reyndist of harður. Tvö sýni voru tekin á hverri stöð. Auk þess voru tekin kornastærðarsýni á flestum stöðvunum og var Shipek-greipin einnig notuð til þess. Togsýni voru tekin þannig, að botnsleði með togpoka (breidd 1m, möskvi 4mm, var dreginn eftir botninum milli tveggja greiparstöðva, þ.e. 500 m. Alls voru tekin slík togsýni á 14 stöðvum. Í togsýnunum áttu að nást ýmis hægfara sunddýr við botn sem slyppu undan greip. En þar sem sleðinn var dreginn eftir botninum og grófst þar að auki jafnvel lítið eitt niður í gljúpan botn, kom auk þess í hann mikið magn af öðrum botndýrum.

Til sýnatöku var notaður bátur Slysavarnarfélags Íslands, Gísli J. Johnsen. Sýni voru tekin á greiparstöðvum 28. júní og 3.-4. júlí og á togstöðvum 3.-4. júlí 1975.

Ákveðið var að taka bæði greipar- og togsýni á völdum stöðvum í firðinum á mánaðarfresti frá júlí 1975 til jafnlengdar árið 1976, til þess að reyna að fylgjast með árstíðabundnum breytingum dýralífs í Hvalfirði. Sem fastar greiparstöðvar voru valdar st. 51-17 og 52-17.5. Var fyrrnefnda stöðin kölluð st. A en sú síðarnefnda st. B. Sem fastar togstöðvar voru valdar T1, T2, T3, T5, T6, T7 og T18. Við sýnatöku á föstu greiparstöðvunum var notuð Petersen-greip, 370 x 280 mm. Önnur tæki, svo og farkostur, voru þau sömu og við upphaflegu sýnatökuna. Togsýni voru tekin á sama hátt og við fyrstu sýnatöku en á föstu greiparstöðvunum voru ætíð teknar 10 greipar á hvorri stöð. Veturinn 1975-76 var tíðarfar mjög óstöðugt og reyndist ekki unnt að halda upphaflegri áætlun um sýnatökur. Sýni voru tekin þessa daga: 12. ágúst, 13. september og 25. október 1975 og 31. janúar, 5. marz, 4. maí, 3. júní, 10. júlí og 6. ágúst 1976. Greiparsýni náðust á

báðum stöðvum í öll skiptin, en taka togsýna gekk afar misjafnlega. Sýni náðust á öllum föstum togstöðvum 12. ágúst og 13. september en 25. október náðist aðeins sýni á T3. 31. janúar voru tekin sýni á T1 og T18; 5. marz á T1, T2, T3, T6, T7 og T18; 4. maí á T1, T2, T6, T7 og T18; 3. júní á T2, T3, T7 og T18; 10. júlí á T3, T6 og T18 og 6. ágúst á T1 og T18.

Bæði tog- og greiparsýni voru sigtuð jafnóðum og þau komu um borð, greiparsýnin í sigti með 0.5 mm möskva en togsýnin í sigti með 1.5 mm möskva. Það sem eftir sat í sigtunum, lífverur og gróf botnefni, var varðveitt í blöndu af sjó og formalíni. Kornastærðarsýni voru varðveitt í ísópropanólblöndu. Dýpi var skráð á hverri stöð ásamt athugasemdum um botngerð, botngróður, stærð og sérkenni sýnis.

2.2. Úrvinnsla

Byrjað var á að skola sýnin vel í vatni til þess að þvo burtu formalín. Síðan voru þau látin liggja í Rose Bengal litarblöndu í um 30 mín. Við það litast dýravefir rauðir en plöntuvefir og ólífræn korn litast ekki. Dýrin voru tínd úr og látin í blöndu af ísópropanóli (70%), vatni (20%) og glyceróli (10%) til varðveislu. Að lokum var sýnið kannað með 1.5 x stækkun til þess að tryggja að engin smá dýr yrðu eftir. Dýr voru síðan ákvörðuð til tegunda og talin. Einnig var skráður fjöldi eggjafullra krabbadýra. Ekki hefur unnist tími til þess að ákvarða öll dýr til tegunda, svo sem fram kemur í tegundaskrá. Yfirleitt eru það litlir hópar eða stök eintök, sem enn eru ógreind. Undantekningar eru þó safnhóparnir Porifera (svampar), Bryozoa (mosadýr), Nematoda (þráðormar), Nemertina (ranaormar) og Oligochaeta (ánar). Til ákvörðunar á tegundum svampa og mosadýra skorti gögn og tíma en tegundagreining þráðorma, ranaorma og ána krefst sérfræðiþekkingar, sem ekki er fyrir hendi. Úr togsýnum, sem tekin voru 3.6., 10.7. og 6.8. 1976 hafa yfirleitt aðeins verið greind krabbadýr og fiskar.

Algengustu dýr af föstu greiparstöðvunum voru vegin til þess að afla upplýsinga um lífþunga á m^2, svo og til þess að hafa einhvern mælikvarða á stærð einstaklinga. Vigtun fór þannig fram að dýrunum var dreift á síupappír og þau vegin þegar geymsluvökvinn var þornaður utan af þeim, þannig að þau vættu ekki lengur pappírinn. Kornastærð var metin með því að sigta sýnin gegnum röð sigta með mismunandi möskvastærð. Sýnin voru fyrst þvegin nokkrum sinnnum í óblönduðu ísópropanóli til þess að koma

í veg fyrir samloðun leirkorna (Newell 1965), síðan þurrkuð og sigtuð. Einungis hluti hvers sýnis (u.þ.b. 100 ml) var sigtaður og var sérstakur sýnadeilir (Endecotts) notaður til þess að skipta sýnunum. Notaður var Endecotts kornastærðardeilir (hristari) og sjö sigti, 20 cm í þvermál og með möskvastærðina 4, 2, 1, 0.5, 0.250, 0.125, 0.063 mm. Sigtunartími var 1/2 - 1 klst. og fór tímalengd eftir hlutfalli smárra korna í sýni. Eftir sigtun voru sýnin vegin og hlutfall hvers stærðarflokks af heildarþunga fundið.

Magn lífræns kolefnis í botnlagi var ákvarðað fyrir hluta greiparstöðvanna. Var notaður til þess hluti af kornastærðarsýni. Þessi sýni voru þurrkuð og vegin og síðan glædd við 375°C í 16 klst. (Ball 1964). Sýnin voru síðan vegin aftur og hlutfall lífræns kolefnis fundið skv. þyngdarmismun.

3. SVÆÐISLÝSING

Hvalfjörður er alldjúpur fjörður, rúmlega 30 km á lengd, sem liggur inn úr Faxaflóa. Kannaða svæðið var um 12 km langt og um 30 km^2 að flatarmáli og var utanvert við miðjan fjörðinn (1. mynd). Dýpi á stöðvum var um 3-86 m (2. mynd) en að meðaltali um 30 m. Allar dýptartölur eru óleiðréttar miðað við sjávarföll.

Mælingar á árabilinu 1947-1978 sýna hitastigssveiflur á 50 m dýpi 2.4° - 9.9°C og seltusveiflu 33.6 - 34.7 o/oo (Stefán Kristmannsson 1979). Botngerð svæðisins er mjög mismunandi en í stórum dráttum þannig, að botn er mjög leirborinn víðast hvar um miðjan fjörðinn, grýttur meðfram norðurströndinni en sendinn með suðurströndinni (mynd 3a). Botngróður er mestur á harða botninum. Fjörur eru víðast grjót- og malarbornar en sandfjörur við Hvalfjarðareyri og leirur við Laxárvog.

4. NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR

4.1. Botngerð

Botngerð könnunarsvæðisins er sýnd á mynd 3a, sem byggð er á niðurstöðum úr kornastærðarmælingum. Á stöðvum þar sem kornastærðarsýni voru ekki tekin er stuðst við lýsingar sem skráðar voru á staðnum. Nánari upplýsingar um niðurstöður kornastærðarmælinga er að finna í töflu 1. Leir og sandur voru helstu botnefni á svæðinu. Meðfram

suðurströnd fjarðarins var hreinn sandur, misgrófur, blandinn möl á ystu stöðvunum. Sandurinn varð fínni og blandaðist leir er dró frá landi. Leir var ríkjandi í setinu um miðbik fjarðarins og inni á Laxárvogi (mynd 3b). Á nokkrum ytri stöðvunum var leirinn talsvert blandaður skeljabruðningi. Á belti meðfram norðurströnd fjarðarins var botn mjög blandaður möl, skeljabruðningi, sandi og leir, og á því svæði óx mikið af kóralþörungnum Lithothamnium tophiforme. Myndar kóralþörungurinn sennilega setlög á botninum, svipuð þeim sem lýst hefur verið úr Arnarfirði (K.G. 1977). Að kóralþörungnum frátöldum varð lítið vart við botnfasta þörunga. Þó komu Chorda filum (skollaþvengur), Desmarestia aculeata(kerlingarhár) og Laminaria saccharina (beltisþari) fyrir á stöku stöðvum.

Magn lífræn kolefnis í botnseti var mælt á allmörgum stöðvum og eru niðurstöður sýndar á 4. mynd. Reyndist lífrænt kolefni vera 0.9 - 7.2 %, minnst á sandbotni en meira þar sem botn var leirblandinn. Til samanburðar má geta þess að sams konar mælingar í Skerjafirði (A.G., K.A. 1977) gáfu svipaðar niðurstöður fyrir sandbotn en lífrænt kolefni á leirbotni reyndist nokkru meira í Skerjafirði en Hvalfirði, mest 11.2 %.

4.2. Dýralíf

Hér á eftir verður gerð grein fyrir útbreiðslu og magni dýra í greiparsýnum annars vegar og togsýnum hins vegar. Um sýni tekin á föstu greiparstöðvunum er fjallað sérstaklega. Í tegundaskrá er síðan gerð grein fyrir öllum dýrategundum sem fundust í könnuninni.

4.2.1 Greiparsýni

Útbreiðsla og magn allra dýra sem fengust í greiparsýnum var kortlagt. Alls fengust 19628 eintök dýra á þeim 79 greiparstöðvum,sem teknar voru. Auk þess fékkst nokkuð af hveldýrum og svömpum og 100-300 eintök smárra hrúðurkarla, sem ekki voru taldir. Alls fengust 209 tegundir og safnhópar dýra í greiparsýnin og eru algengustu tegundirnar, hvað snertir tíðni og einstaklingsfjölda, skráðar í töflum 2 og 3. Ef litið er á útbreiðslu nokkurra algengustutegundanna kemur í ljós að 5 tegundir, burstaormarnir Eteone longa (10. mynd), Myriochele oculata (33. mynd), Scoloplos armiger (18. mynd) og Spio limicola (22. mynd) og slöngustjarnan Ophiura albida (46. mynd), fundust víðast hvar á svæðinu. Að vísu var

yfirleitt minna um flestar þessar tegundir á hreinum sandstöðvum heldur en annars staðar, en þær komu þó allar fyrir á slíkum stöðvum. Burstaormategundirnar Cossura longocirrata (27. mynd), Nephtys ciliata (14. mynd) og Terebellides stroemi (36. mynd) fundust ekki á hreinasta sandbotninum en voru annars útbreiddar á svæðinu. Tvær burstaormategundir í viðbót, Ammotrypane aulogaster (29. mynd) og Sternaspis scutata (34. mynd), voru allalgengar. A. aulogaster vantar þó með norðurströnd fjarðarins en S. scutata fannst aðallega um miðbik svæðisins, á leirkenndum botni. Svæðið meðfram norðurströnd fjarðarins, þar sem kóralþörungurinn fannst, var nokkuð frábrugðið öðrum hlutum fjarðarins. Dýralíf virtist þar mjög fjölskrúðugt og bar mikið á ýmsum lindýrategundum, s.s. kuðungum og nökkvum, sem fátíðar voru annars staðar í firðinum. Þar fundust bæði tegundir, sem einkenna venjulega harðan botn, s.s. burstaormurinn Nereis pelagica og tegundir sem lifa á leirbotni, s.s. burstaormar af ættkvíslinni Brada. Með hliðsjón af útbreiðslu tegunda á könnunarsvæðinu öllu, virðist ekki grundvöllur fyrir því að skipta botninum eftir dýrasamfélögum. E.t.v. væri þó ástæða til að aðgreina kóralþörungasvæðið frá öðrum botngerðum vegna sérstakrar fjölbreytni dýralífsins þar.

Áætlaður fjöldi einstaklinga á fermetra er sýndur á 5. mynd. Þéttleiki dýra var minnstur, um 200 eintök/m^2, á tveim stöðvum innanvert við Katanes, en langmestur, 28036 eintök/m^2 á st. 54-13. Stöð 54-13 var frábrugðin öðrum stöðvum að því leyti að hún var eina leirbotnsstöðin á mjög grunnu vatni (dýpi 2-3m). Komu þar því fyrir tegundir, sem oft eru í miklu magni í eða rétt neðan við fjöru, s.s. kuðungurinn Onoba aculeus. Ennfremur var mikið af kerlingarhári (Desmarestia aculeata) á stöðinni og komu þar því fyrir tegundir sem eru algengar í þörungagróðri, t.d. mikið af þanggeit (Caprella spp.). Meðalfjöldi einstaklinga á m^2 var 2711 og er st. 54-13 sleppt við þá útreikninga.

Burstaormar voru langmest áberandi í botnfánu svæðisins, hvort sem miðað er við tíðni eða þéttleika. Af þeim 13 tegundum, sem náðu 50% tíðni á svæðinu (tafla 2), voru 12 burstaormategundir, og af þeim 14 tegundum (tafla 3) sem fleiri en 200 eintök fundust af á svæðinu, voru einnig 12 burstaormategundir. Slöngustjarnan Ophiura albida var eina tegundin, auk burstaorma, sem fannst í verulegu magni og á mörgum stöðvum.

Segja má, út frá útbreiðslu og þéttleika tegunda, að burstaormarnir Myriochele oculata (33. mynd), Cossura longocirrata (27. mynd) og Sternaspis scutata (34. mynd) og slöngustjarnan Ophiura albida (46. mynd) hafi verið einkennisdýr botnfánunnar á meginhluta könnunarsvæðisins. Kóralþörungasvæðið einkenndist frekast af lindýrum, s.s. nökkvanum Tonicella marmorea (38. mynd) og kuðungnum Acmaea virginea (nr. 116 í tegundaskrá). Nokkrar tegundir, s.s. nökkvinn Ischnochiton albus (39. mynd) og burstaormarnir Gattyana cirrosa (7. mynd) og Nereimyra punctata (11. mynd) fundust einkum á kóralþörungasvæðinu, svo og á ystu stöðvunum þar sem leirbotninn var blandinn skeljabruðningi og möl. Engin sérstök tegund einkenndi sandbotninn. Þó var burstaormurinn Scoloplos armiger (18. mynd) nokkuð algengur á flestum stöðvum þar og burstaormarnir Nereis virens (13. mynd) og Chaetozone setosa (26. mynd) voru algengir á sumum sandstöðvunum.

Tegundafjöldi á hverri stöð er sýndur á 6. mynd. Mest fundust 78 tegundir á stöð en minnst 3. Meðaltegundafjöldi á stöð var 26.4. Tegundafjöldi á stöð var að jafnaði mestur á kóralþörungasvæðinu og á ystu stöðvunum þar sem botn var blandaður.

4.2.2. Togsýni

Togstöðvar eru sýndar á 1. mynd. Við upphaflega sýnatöku voru tekin sýni á öllum stöðvum nema T6. Algengustu dýrategundir í þessum sýnum eru skráðar í töflum 4 og 5. Eins og sjá má þar, voru algengustu botndýrin í greiparsýnunum einnig mjög algeng í togsýnunum og staðfesta togsýnin niðurstöður úr greiparsýnum hvað varðar magn og útbreiðslu stærri dýra, en mjög smá dýr komu síður fyrir í togsýnunum. Krabbadýr voru áberandi í togsýnum. Algengastar voru nokkrar tegundir rækja og agna, svo og tvær marflóategundir. Nokkrar fisktegundir fengust og í togsýnum. Skrá yfir tegundir og eintakafjölda á togstöðvum á hverjum stað og tíma er að finna í töflu 2 í viðauka.

Í togsýnunum fengust alls 283 tegundir og safnhópar, þar af 120 tegundir sem ekki komu fyrir í greiparsýnum. Mest áberandi sunddýrin í togsýnum voru rækjur og bar þar mest á hrossarækju, Crangon allmani (nr. 254 í tegundaskrá), marþvara, Sclerocrangon boreas (nr. 255), pálsrækju, Eualus gaimardi (nr. 256) og litlurækju, E. pusiolus (nr. 257). Auk þeirra voru ögnin Mysis mixta (nr. 191) og marflærnar Caprella septentrionalis og C. linearis (nr. 252) áberandi í sýnum.

Dreifing þessara tegunda á svæðinu var nokkuð mismunandi. Hrossarækjan var algengust á T18, þar sem sandur var ríkjandi botnefni, en hinar rækjutegundirnar þrjár héldu sig fyrst og fremst á blandaða botninum á T1 og T3. Ögnin var nokkuð algeng á öllum stöðvum, þó algengust á T18. Caprella tegundirnar voru að jafnaði algengastar á T3. Töflur 6-11 sýna fjölda ofangreindra tegunda á hverjum stað og tíma. Allmikill breytileiki var á fjölda flestra tegunda yfir árið og milli stöðva. Orsakir þess eru ekki ljósar. Að vísu er afar sennilegt, að t.d. fækkun M. mixta (tafla 6) að hausti og vetri stafi af dauðsföllum í stofninum. Til að geta skýrt þennan breytileika nánar þyrfti meiri vitneskju um lífnaðarhætti og lífsferla tegundanna.

Eggjafull kvendýr voru talin hjá algengustu krabbadýrategundunum til þess að fá vísbendingu um tímgunartíma þeirra (tafla 12). Rækjutegundirnar, hrossarækja (nr. 254), pálsrækja (nr. 256) og litlarækja (nr. 257), virtust aðallega gjóta að vorlagi, hámark marz-júní, en ögnin (nr. 191) virtist gjóta heldur fyrr, fannst með egg á tímabilinu janúar-marz. Hjá Caprella tegundunum (nr. 252) fannst mest af eggjafullum dýrum í marz og maí og einnig talsvert í júlí og ágúst.

Alls fengust 8 tegundir fiska í togsýnum. Mest fékkst af sandkola (nr. 303), alls 77 eintök og voru þau flest seiði á 1. ári. Mest var af þeim á T18. Af sprettfiski og hrognkelsaseiðum fengust nokkrir tugir eintaka en af öðrum fisktegundum mjög lítið.

Ígulkerið Strongylocentrotus dröbachensis (nr. 280) og krossfiskurinn Asterias rubens (nr. 274) voru mjög áberandi á sumum togstöðvum, einkum á T1, T3 og T18. Stærðardreifing þessara tegunda, einkum ígulkersins, var mismunandi eftir stöðvum, þannig að meðalstærð eintaka var miklu meiri á T18 heldur en á T1 og T3. Ungviði þessara tegunda var algengt á T1 og T3, en sárasjaldgæft á T18.

Botndýr sem fundust mikið í togsýnum en síður í greiparsýnum voru einkum hveldýr og lindýr, sérstaklega kuðungar og bertálknar. Af þessum dýrum var einkum mikið á T1 og T3, sem voru á kóralþörungasvæðinu. Er augljóst að dýralíf á þessu svæði hefur verið sérstaklega fjölskrúðugt. Kóralþörungasvæði svipuð þessu hafa fundist allvíða inni á fjörðum við Vestur-, Norður- og Austurland (Karl Gunnarsson, munnl. uppl.) en dýralíf þeirra hefur mjög lítið verið kannað.

4.2.3. Endurtekin greiparsýni

Fastar greiparstöðvar voru A (st. 51-17) og B (st. 52-17.5). Þessar stöðvar voru valdar vegna þess að þær voru taldar dæmigerðar fyrir leirbotn á athugunarsvæðinu. Dýpi á báðum stöðvum var svipað, rúmir 30 metrar, og botngerð einnig, 70-80% leir á báðum stöðvum. Tegundasamsetning fánunnar á stöðvunum var áþekk nema hvað miklu meira var af burstaormínum Myriochele oculata á B (1262/m^2) heldur en A (278/m^2). Að öðru leyti var eintakafjöldi tegunda nokkuð svipaður á stöðvunum (Viðauki, tafla 1). Fjöldi einstaklinga á m^2 var 1031 á A en 2313 á B. Alls fannst 51 tegund dýra á A en 60 á B. Lífþungi á m^2 var að meðaltali um 67g á A en 66 á B. Við ákvörðun lífþunga voru aðeins teknar með algengustu tegundirnar. Þyngd M. oculata var áætluð, en aðrar tegundir vegnar, og var lífþungi tegundarinnar á B áætlaður um 3g/m^2 en 0.6g/m^2 á A. Tafla 13 sýnir hlutdeild algengustu tegunda í heildareinstaklingsfjölda og lífþunga á báðum stöðvum. Burstaormarnir Sternaspis scutata og Myriochele oculata og slöngustjarnan Ophiura albida voru ríkjandi tegundir, hvað fjölda snerti, á stöð A, hver 20-30% af heildarfjölda. Á B var M. oculata ríkjandi, tæplega 55% af heildarfjölda, síðan S. scutata, 17% og O. albida, 13% af heildarfjölda. O. albida og samlokan Yoldia hyperborea voru ríkjandi tegundir hvað lífþunga snerti, Y. hyperborea var 63% af lífþunga á A en 47% á B og O. albida var 26% af lífþunga á A en 30.0 á B. Fjöldasveiflur voru nokkuð áberandi hjá M. oculata og S. scutata (sjá nánar í tegundaskrá).

Séu helstu niðurstöður frá föstu greiparstöðvunum í Hvalfirði bornar saman við niðurstöður úr öðrum könnunum kemur í ljós að lífþungi í Hvalfirði er minni en þar kemur víðast fram, t.d. var lífþungi (g/m^2) 101 í Ósum, 134 í dýpri hluta Akureyrarpolls og 177 á leðjubotni í Skerjafirði. Fjöldi einstaklinga á m^2 í Hvalfirði er einnig talsvert minni en á þessum þremur stöðum. Burstaormar voru ríkjandi hvað fjölda snertir á Hvalfjarðarstöðvunum og var svo einnig í Akureyrarpolli en í Skerjafirði og Ósum voru marflær áberandi auk burstaorma. Nokkrar algengar tegundir burstaorma eru áberandi smávaxnar í Hvalfirði miðað við önnur þekkt svæði hérlendis. Má þar nefna Sternaspis scutata (sjá nánar í tegundaskrá, nr. 81), Ammotrypane aulogaster og Eteone longa. Tvær

fyrrnefndu tegundirnar eru setætur en E. longa er rándýr. Vera má, að fæðuskilyrði séu á einhvern hátt lakari fyrir þessar tegundir, t.d. minna af lífrænu seti, í Hvalfirði heldur en t.d. í Skerjafirði eða Akureyrarpolli, en um slíkt er ekkert hægt að fullyrða án nánari rannsókna.

4.2.4. Tegundaskrá

Hér fer á eftir yfirlit yfir þær dýrategundir, sem fundist hafa í Hvalfirði við rannsókn þessa. Skráð er magn tegundar og útbreiðsla hennar á rannsóknarsvæðinu. Einnig er getið um þekkta útbreiðslu tegundarinnar við Ísland og útbreiðslusvæði utan Íslands. Þegar getið er um norður- og suðurmörk útbreiðslusvæðis tegundar, er yfirleitt látið nægja að nefna hvar mörk þessi liggja við Evrópustrendur. Upplýsingar um útbreiðslu tegunda hérlendis og erlendis eru fengnar úr ritinu The Zoology of Iceland nema annars sé getið sérstaklega. Í því sambandi ber að nefna að víða í texta er getið um Ósa, Skerjafjörð, Hraunsfjörð og Akureyrarpoll, og eru upplýsingar sem þar er um að ræða sóttar í eftirtalin rit, án þess að geta þess í hvert sinn:

Helgi Guðmundsson 1974. Botndýralíf í Ósum, Gullbringusýslu. Háskóli Íslands, Líffræðiskor. Handrit.

Arnþór Garðarsson, Kristín Aðalsteinsdóttir 1977. Rannsóknir í Skerjafirði I. Botndýralíf. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit.

Jón Baldur Sigurðsson 1974. Botndýralíf í Hraunsfirði. Líffræðistofnun Háskólans. Handrit.

Agnar Ingólfsson, Arnþór Garðarsson, Sveinn Ingvarsson 1972. Botndýralíf í Akureyrarpolli. Könnun í marz 1972. Fjölrit Náttúrugripasafnsins á Akureyri nr. 3.

Greiparstöðvar eru auðkenndar með tölustöfum, nema föstu greiparstöðvarnar A og B, en togstöðvar með bókstafnum T auk tölustafa. Staðsetning greipar- og togstöðva er sýnd á 1. mynd. Myndir 7-49 eru byggðar á niðurstöðum greiparsýna og sýna útbreiðslu tegunda, sem hafa 20% tíðni eða meira í greiparsýnum (tvær tegundir með lægri tíðni eru þó teknar þar með vegna sérstaks útbreiðslumynsturs). Vísað er í myndirnar þar sem getið er um viðkomandi tegund. Uppgefinn fjöldi dýra á greiparstöðvum er í texta ýmist gefinn sem fjöldi á stöð, þ.e. samanlagður fjöldi úr báðum greiparsýnunum sem tekin voru á stöðinni, eða fjöldi á m^2. Á útbreiðslukortum er alltaf um að ræða fjölda/m^2. Nafngiftir og röðun ætta er yfirleitt samkvæmt The Zoology of Iceland en þó bregður út af því í stöku tilvikum. Nákvæmari upplýsingar en hér koma fram um fjölda eintaka á hverjum tíma á föstu greiparstöðvunum og togstöðvunum fást í töflum í viðauka.

BURSTAORMAR (Polychaeta):

1. Gattyana cirrosa (Pallas).

Greip: Strjál á hörðum botni Katanesmegin og utan til í firðinum (7. mynd). Tíðni 25%. Kom einu sinni fyrir á B.

Tog: Fékkst á öllum stöðvum nema T5, T7, T14 og T16. Algengust er tegundin á T1 og T3.

Algeng tegund við landið. Víð útbreiðsla um norðanvert Atlantshaf, algengust á hörðum og blönduðum botni á grunnsævi.

2. Harmothoë imbricata (L.).

Greip: Á hörðum botni með landinu Katanesmegin, mest 7/stöð. Kom einnig fyrir í Laxárvogi. Annars sjaldgæf. Fékkst einu sinni á st. B.

Tog: Á T1, T2, T3, T5, T6, T7, T12, T18. Algengust á T1 og T3, mest 180/tog.

Mjög algeng hér við land, einkum á hörðum botni neðst í fjöru og á grunnsævi. Algeng í Norður-Atlantshafi.

3. Harmothoë (Lagisca) extenuata (Grube).

Greip: Á harða botninum Katanesmegin, 2-17/stöð. H. cf. imbricata, 4 eintök á ystu stöðvunum í firðinum.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T6, T8, T9, T18. Algengust á T1 og T3, mest 500/tog á T3.

Algeng hér við land. Norðlæg tegund, pólhverf (circumpolar), suðurmörk úbreiðslu í Miðjarðarhafi. Á T1 er afbrigðið H. var. rarispina allalgengt.

4. Harmothoë spp.

Tog: Á T1 í ágúst 1975 fundust 5 eintök af ættkvíslinni Harmothoë sem líkjast H. imbricata að öðru leyti en því að fremra augnpar er við grunn þreifara. Á sömu stöð í janúar og marz 1976 fundust 14 eintök alls af Harmothoë, svipaðar H. extenuata nema hvað kviðlægir burstar voru áberandi langir.

5. Lepidonotus squamatus (L.)

Greip: Á nokkrum stöðvum við Katanes og utan til í firðinum, 16 eintök alls.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T9, T18. Algengust á T1 og T3, mest 265/tog.

Heldur sjaldséð við Norður- og Austurland, annars algeng á hörðum botni á grunnsævi við landið. Suðlæg tegund, hér á norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

6. Polynoidae ungviði (stærð ≈ 5 mm).

Greip: Allalgengt á harða botninum Katanesmegin, auk þess strjálingur víða í firðinum, einkum utantil (8. mynd). Örfá eintök fengust á A og B.

Tog: Mest á T1 og T3 í ágúst og september 1975. Í janúar og marz 1976 var talsvert af smáum eintökum (5-10 mm) á sömu stöðvum, en þau var yfirleitt hægt að ákvarða til tegundar.

7. Pholoe minuta (O. Fabricius).

Greip: Víða, á ýmsum botngerðum, en einna algengust á harða botninum við Katanes (9. mynd). Tíðni 35%. Auk þess 2 eintök á B.

Tog: Á T1, T3, T4, T9, T18; 1-10/tog. Allalgeng á grunnsævi við landið. Útbreidd í N-Atlantshafi frá Frakklandsströndum til Svalbarða. Virðist ekki háð sérstakri botngerð.

8. Phyllodoce maculata (L.).

Greip: Á 49-15, 52-18 og 54-13; alls 30 eintök. Eitt eintak á A.

Tog: Á T1, 1 eintak.

Algeng við landið neðst í fjöru og á grunnsævi. Frekar norðlæg tegund, suðurmörk við Frakklandsstrendur.

9. Phyllodoce groenlandica Örsted

Greip: Á 50-16.5, 1 eintak.

Hefur fundist hér og þar við landið, oftast á grunnsævi. Norðlæg tegund, hefur fundist suður í Ermarsund.

10. Phyllodoce citrina Malmgren.

Tog: Á T1 og T3; 2 eintök alls. Auk þess 1 eintak P. cf. citrina á T1.

Árið 1972 fannst 1 eintak P. cf. citrina í sjóreknum þara á Seltjarnarnesi og 1976 fannst 1 eintak af tegundinni í sýnum frá Langanesi (A.G. óbirt gögn). Eru þetta einu eintökin sem fundist hafa af tegundinni hér við land auk eintakanna úr þessari söfnun. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Norðursjó.

11. Eulalia viridis (L.).

Greip: Á 52-18 og 54-17.5; 2 eintök alls.

Tog: Á T1, T3 og T18; 1-7/tog.

Strjál neðst í fjöru og á grunnsævi við landið. Frekar suðlægrar útbreiðslu, nyrst fundin við V-Grænland og Norður-Noreg.

12. Eulalia bilineata (Johnston).

Greip: Á 47-16, 49-16 og 53-17.5; 3 eintök alls.

Tog: Á T1, T3 og T9; 1-6/tog.

Áður eru kunnir 2 fundarstaðir tegundarinnar við landið: Hólmurinn í Reykjavík (fjara) og Garðsjór (A.G. 1973). Útbreidd tegund, pólhverf, suðurmörk við V-Afríku.

13. Eumida sanguinea (Örsted).

Greip: St. 47-15, 48-17 og 53-17.5; 3 eintök alls.

Tog: Á T1, T3 og T9; 1-4/tog.

Strjálir fundarstaðir við SV-land og Vestfirði frá fjöru út á 80 m dýpi. Frekar suðlæg tegund, nyrsti fundarstaður við Finnmörku.

14. Eteone longa (O. Fabricius).

Greip: Útbreiddasta tegundin á greiparstöðvunum, tíðni 86%, og níunda algengasta tegundin miðað við einstaklingsfjölda, mest 2350/m^2 (10. mynd). Kom alltaf fyrir á A og B, mest 56/m^2 á A en 54/m^2 á B.

Tog: Á T1, T3, T4, T7, T9, T18; 1-7/tog.

E. longa er mjög algeng í fjöru og á grunnsævi við landið á leir- og sandbotni. Í Hvalfirði eru yfirleitt 10-200 eintök/m^2, nema á 54-13, en þar voru 2350/m^2. Athyglisvert er, að E. longa eintökin úr Hvalfirði voru yfirleitt smá, sjaldan lengri en u.þ.b. 1 cm, en oft aðeins örfáir mm. Smæð eintakanna veldur sennilega því, hve lítið er um tegundina í togsýnum. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Miðjarðarhaf.

15. Mysta barbata Malmgren.

Greip: Eitt eintak á A.

Hefur fundist nokkrum sinnum áður við landið, frá NV-landi til Austfjarða. Norðlæg, pólhverf, nær suður í Norðursjó.

16. Nereimyra punctata (O. Fr. Müller), (= Castalia punctata).

Greip: Utan til í firðinum og með landinu Katanesmegin (11. mynd). Tíðni 25%.

Tog: Á T1, T2, T3, T6, T9, T11, T18. Algengust á T1 og T3, mest 175/tog. Eintökin sem fengust á T9 voru í holum inn á milli F. implexa (nr. 107) pípna.

Virðist algeng á hörðum botni grunnsævis við vestanvert landið en sjaldséðari fyrir norðan og austan land. Atlantisk grunnsævistegund, nær frá Frakklandsströndum til N-Noregs. Allmörg eintakanna, sem fengust í janúar voru eggjafull.

17. cf. Kefersteinia sp.

Greip: Á 53-17.5, eitt illa farið eintak.

18. Micropthalmus aberrans (Webster & Benedict).

Greip: Strjál, aðallega á mjúkum botni (12. mynd). Tíðni 38%. Kom oftast nær fyrir á B en einu sinni á A.

Tog: Á T5, 1 eintak.

Tegund þessi hefur ekki fundist áður hér við land. Þetta er afar smávaxin tegund, 1-3 mm á lengd, og veldur smæðin vafalaust því að hún hefur ekki fundist hér fyrr. Smæð tegundarinnar mun einnig valda því, hve sjaldan hún fannst í togsýnum. Dausplata (anal lamelle) virðist allbreytileg að lögun hjá eintökunum úr Hvalfirði, en baktotuburstar skáru

úr við ákvörðun tegundarinnar. M. aberrans er suðlæg tegund, nyrsti fundarstaður við Evrópu utan Íslands er í Norðursjó. Við austurströnd Bandaríkjanna finnst tegundin norður til Maine.

19. Syllis cornuta Rathke.

Greip: Eitt og eitt eintak til og frá í fiðinum á ýmis konar botni. Tíðni 13%. Kom einu sinni fyrir á B.

Tog: Á T1, T3, T4, T6, T9. Örfá eintök á hverri stöð.

Strjálir fundarstaðir við alla landshluta. Norðlæg tegund, nær suður í Miðjarðarhaf.

20. Syllis armillaris (O. Fr. Müller).

Greip: Strjál á hörðum botni Katanesmegin. Auk þess 3 eintök utar. Tíðni 10%.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T9, T18. Yfirleitt fá eintök/tog, langmest á T9, 100 eintök sem voru flest í holum innan um F. implexa (nr. 107) pípur.

Tegundin virðist allalgeng á hörðum botni og þar sem hún finnur holur og smugur við hæfi. Hún hefur áður fundist hér og þar í kringum landið, mest á grunnsævi. Útbreidd frá Grænlandi og Svalbarða suður í Miðjarðarhaf.

21. Amblyosyllis formosa (Claparéde).

Tog: Á T1 og T3; alls 11 eintök.

Hefur ekki fundist áður við Ísland. Nálægustu fundarstaðir eru við sunnanverðar Bretlandseyjar. Tegundin er einnig þekkt frá austurströnd Bandaríkjanna.

22. Pionosyllis lamelligera Saint Joseph

Greip: Á 45-17, 47-16, 53-17.5 og 54-17.5; 4 eintök alls.

Tog: Á T3 og T18; alls 4 eintök.

Hefur ekki fundist áður við Ísland. Nálægustu fundarstaðir hennar eru, eftir því sem næst verður komist, við Írland og sunnanverðar Bretlandseyjar.

23. Sphaerosyllis erinaceus Claparéde.

Greip: Hér og þar, 1-7/stöð. Algengastur í og út af Laxárvogi. Flest eintökin af mjúkum botni. Tíðni 16%. Tvö eintök á A.

Tog: Kom fyrir á T1, T3 og T18; alls 13 eintök.

Tegund þessi var talin mjög sjaldgæf hér við land fram til 1975, er mörg eintök fundust í Skerjafirði. Fyrri fundarstaðir voru út af Austfjörðum og í Ósum, Gull., og höfðu alls fundist 3 eintök, þar af 2 greind sem S. latipalpis Levinsen (W.L. 1951). Tegundin er norðlæg, pólhverf, suðurmörk í Norðursjó.

24. Exogone verugera (Claparéde).

Greip: Á 44-17, 45-17, 47-17, 48-16 og 50.5-15.5; 20 eintök alls.

Tog: Á T9; 4 eintök alls.

E. verugera fannst fyrst hér við land í Skerjafirði 1975. Líklegt má telja, að smæð þessarar tegundar (1-3 mm), frekar en fágæti, valdi því hve seint hún finnst hér við land. Tegundin hefur víða útbreiðslu í norðlægum höfum. Bipólar.

25. Autolytus prismaticus (O. Fabricius).

Tog: Á T3, 10 eintök og T1, 2 eintök, annað A. cf. prismaticus.

26. Autolytus sp.

Tog: Á T1 og T3; alls 6 eintök.

27. Autolytus sp.

Tog: Hér er um að ræða 2 eintök af eggjafullum kvendýrum (Sacconeris), sem fengust á T1 12/8 og T3 25/10 1975. Ekki er unnt að ákvarða þessi eintök til tegundar á grundvelli þeirra lýsinga sem fyrir hendi eru.

Tegundir ættkvíslarinnar Autolytus eru oft torveldar í greiningu. Nokkurra eintaka A. prismaticus er getið frá Vestfjörðum (W.L. 1951). Auk þess hefur sú tegund fundist í fjörum í nágrenni Reykjavíkur (A.G. óbirt gögn). Ekki er ólíklegt að tegundin eigi eftir að finnast víða við landið við nánari aðgæslu, en hún er útbreidd í norðlægum höfum.

28. Nereis pelagica L.

Greip: Á fáeinum stöðvum með landi Katanesmegin, 1-12/stöð. Auk þess 1 eintak á 48-16.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T9, T18. Algengust á T1 og T3, mest 140/tog.

Útbreidd tegund um flest heimshöf og mjög algeng á hörðum botni hér við land.

29. Nereis virens (M. Sars).

Greip: Á nokkrum stöðvum í grennd við Hvalfjarðareyri (13. mynd). Tíðni 14%. Kom einu sinni fyrir á A og einu sinni á B, eitt eintak á hvorri stöð.

Tog: Á T18, 1 eintak.

N. virens var álitin sjaldgæf tegund hér en hefur nú fundist á nokkrum stöðum við Faxaflóa í fjöruleirum og á grunnsævi. Eintökin úr Hvalfirði flestöll smá, < 3 cm. Stór N. virens grefur sig djúpt í botnleðju og er erfitt að finna hann með venjulegum söfnunaraðferðum. Frekar norðlæg tegund, nær suður til Norðursjávar. Norðurmörk útbreiðslu óljós, e.t.v hér við land.

30. Nephtys ciliata O. Fr. Müller.

Greip: Útbreidd tegund í firðinum, nema þar sem sandur er mestur í botni, 12-85/m^2 (14. mynd). Tíðni 66%.

N. ciliata virðist einkum vera að finna á leðjubotni og jafnvel hörðum botni en forðast hreinan sandbotn. Þó ber þess að geta, að á innstu stöðvunum, þar sem tegundin finnst ekki, er leðjubotn, en hlutfall leðju óvenju hátt, eða yfir 80% (mynd 3b). N. ciliata kom alltaf fyrir á báðum föstu greiparstöðvunum. Eintakafjöldi varð þó aldrei mjög mikill, mest 47/m^2 á A en 67/m^2 á B. Árssveiflur í fjölda eru ekki merkjanlegar (X^2_8 = 4.54 á A og 0.78 á B, hvorugt marktækt).[1] N. ciliata er 10.5% af heildarlífþyngd/m^2 á B en 3% á A (ársmeðaltöl).

Tog: Tegundin kom að heita má fyrir á öllum stöðvum á öllum tímum. Mestur fjöldi var 50/tog. Að jafnaði var minnst af tegundinni á T3 og T18, ≳ 10/tog.

N. ciliata er algeng tegund við landið og útbreidd um norðanverð Atlants- og Kyrrahöf, yfirleitt á minna en 200 m dýpi. Eintökin af föstu greipar-

1) $p << 0.05$ á báðum stöðvum.

stöðvunum voru vegin, en ekki reyndist unnt að fá neinar vísbendingar um vaxtarhraða tegundarinnar út frá þyngdarmælingum, þar eð of fá eintök voru í hverju sýni miðað við stærðardreifingu. Mest virtist þó vera af ungviði á haustin.

31. Nephtys sp.

Greip: Eitt eintak á A.

Tog: Eitt eintak á T1.

Þessi eintök eru frábrugðin N. ciliata að því leyti að burstar eru u.þ.b. 4 sinnum lengri en á venjulegum N. ciliata í Hvalfirði.

32. Nephtys coeca/longosetosa.

Tog: Eitt eintak á T1.

Baktotur líkjast N. coeca baktotum en burstalengd er svipuð og gerist hjá N. longosetosa.

33. Sphaerodorum flavum Örsted (= Ephesia gracilis Rathke).

Greip: Eitt eintak á A.

Tog: Eitt eintak á T3.

Hefur fundist hér við land áður í Hvalfirði og víðar. Útbreiðsla frekar norðlæg, suðurmörk í Miðjarðarhafi.

34. Goniada maculata Örsted.

Greip: Strjál á mjúkum botni (15. mynd). Tíðni 20%. Kom fyrir á báði A og B, fá eintök.

Tog: Á T5 og T11, 2 eintök alls.

Hefur fundist við alla landshluta en virðist algengust við Suðvesturland. Grunnsævistegund, frekar norðlæg. Eintökin úr Hvalfirði eru öll smá, flest minni en 1.5 cm og var stundum torvelt að ákvarða þau til tegundar vegna smæðar.

35. Glyceridae/Goniadidae, Genus sp.

Greip: Eitt eintak á A.

36. Onuphis conchylega M. Sars.

Tog: Á T6 og T9, 2 eintök alls.

Algeng við landið, sérstaklega á sand- og malarbotni. Útbreiðsla norðlæg, nær suður í Miðjarðarhaf.

37. Lumbrineris sp.

Greip: Strjál á ýmis konar botni (16. mynd). Tíðni 23%. Kom alloft fyrir á A og B, en fá eintök á hvorri.

Tog: Á T1, T2, T3, T5, T7; 1-14/tog.

Lumbrineris tegundir geta verið erfiðar í greiningu og tókst ekki að ákvarða þessi eintök til tegundar með vissu. Krókar byrja á fremstu burstaliðum hjá mörgum eintakanna, sem gæti, skv. W.L. 1951, bent til L. minuta Théel. Lýsing á þeirri tegund er ekki tiltæk og ekki að fullu ljóst hvað greinir þá tegund frá L. fragilis (O. Fr. Müller). Auk þessara tegunda er mögulega um að ræða eintök af tegundinni L. tetraura (Schmarda).

38. Stauronereis caecus (Webster & Benedict).

Greip: Á ýmsum botngerðum víða um fjörðinn (17. mynd). Tíðni 22%. Kom öðru hvoru fyrir á A og B, 1-4/m^2 nema á A í maí 1976 83/m^2.

Tog: Eitt eintak á T1.

Þetta eru fyrstu fundarstaðir tegundarinnar við landið en síðan hefur hún fundist í Kollafirði, Gull. og á Selvogsbanka (óbirt gögn og Jörundur Svavarsson, munnl. uppl.). Tegundin er þekkt úr Skagerak og frá norðanverðri austurströnd Bandaríkjanna. Þetta er smávaxin tegund, mest 8 mm að lengd. Eintökin úr Hvalfirði vantar yfirleitt afturendann og eru sum illa farin.

39. Naineris quadricuspida (O. Fabricius).

Greip: Á 49.5-14.5, 2 eintök alls.

Tog: Á T8 og T18, 2 eintök alls.

Algeng í fjörum og á grunnsævi við landið, einkum á sand- og malarblöndnum botni. Norðlæg tegund.

40. Scoloplos armiger (O.Fr. Müller).

Greip: Víðast hvar í firðinum, 12-970/m^2, (18. mynd). Fimmta algengasta tegundin í firðinum hvað snertir fjölda einstaklinga, en fjórða útbreiddasta tegundin, tíðni 72%. Kom yfirleitt fyrir á A og B, mest 35/m^2 á B en 8/m^2 á A.

Tog: Á öllum stöðvum nema T5, T6 og T7, en yfirleitt fá eintök.

S. armiger er einn algengasti burstaormurinn hér, einkum á leirum og leirbotni á grunnsævi. Hefur ákaflega víða útbreiðslu utan Íslands, bæði norð- og suðlæga.

41. Apistobranchus tullbergi (Théel).

Greip: Átján eintök alls á 11 stöðvum. Á mjúkum og blönduðum botni. Hefur fundist þrisvar sinnum hér við land, í Skarðsfirði (sem Skardaria fragmentata, W.L. 1951), í Akureyrarpolli og í Skerjafirði.

42. Aricidea jeffreysii (Mc. Intosh).

Greip: Mjög víða á mjúkum botni (19. mynd). Tíðni 49%. Kom alltaf fyrir á A og B, mest um 30/m^2.

Tog: Á T2, T5, T7 og T12; örfá eintök.

The Zoology of Iceland (W.L. 1951) getur aðeins um tvö eintök af ættkvíslinni Aricidea, bæði fundin í Ísafjarðardjúpi. Þessi eintök eru greind sem A. suecica Eliasson. Aricidea eintökin, sem fundust í þessari könnun eru óefað sama tegund og Aricidea eintök, sem fundist hafa í Skerjafirði, Ósum og innri hluta Hvalfjarðar (Á.H.J., B.I. 1973). Þessi eintök hafa öll verið ákvörðuð sem A. jeffreysii skv. Hartmann-Schröder (1971), sem telur A. jeffreysii og A. suecica vera sömu tegund og notar A. jeffreysii nafnið yfir báðar. Samkvæmt þeim heimildum sem telja A. suecica fullgilda tegund (s.s. W.L. 1951 og Pettibone 1963) myndu þó öll Aricidea eintök héðan tilheyra A. suecica. Útbreiðsla norðlæg, suðurmörk í Norðursjó. Eggjafull eintök fengust í Hvalfirði í október og nóvember 1975.

43. Paraonis gracilis Tauber.

Greip: Útbreidd á ýmsum botngerðum, 12-300/m^2 (20. mynd). Tíðni 53%. Stöð 54-13 sker sig úr hvað fjölda snertir með nær 1500/m^2. Á A og B kom tegundin yfirleitt fyrir, 12-14/m^2.

Tog: Á T5, T7, T9, alls 3 eintök.

Hefur fundist hér á 2 stöðum, í Faxaflóa og fyrir Austurlandi. Víð norðlæg útbreiðsla.

44. Paraonis sp.

Greip: Á 49.5-16, 52-18, 53-17.5 og 54-17.5; 6 eintök alls. Samilega varðveitt eintök, en ekki hefur enn tekist að ákvarða þau til tegundar. Tálkn byrja framar en á P. gracilis og eru á fáum liðum (4-5).

45. Trochochaeta multisetosa (Örsted) (= Disoma multisetosum).

Greip: Á 50-16, 1 eintak.

Hefur áður fundist á nokkrum stöðum við landið. Norðlæg, pólhverf, nær suður í Norðursjó.

46. Laonice cirrata (M. Sars).

Greip: Kom fyrir á 8 stöðvum á mjúkum botni, 1-3/stöð. Tvö eintök á A.

Tog: Á T1. T2, T6, T9, T18; 1-2/tog.

Fundin víða við landið. Útbreidd frá norðurslóðum suður í Miðjarðarhaf.

47. Spio filicornis (O.Fr. Müller).

Greip: Allalgeng tegund (21. mynd). Tíðni 50%. Eintakafjöldi 12-430/m^2 nema á 54-13, 2500/m^2.

Tog: Á T9, 2 eintök.

S. filicornis er getið frá ýmsum stöðum við landið, þó ekki frá Austfjörðum. Ekki er þó ólíklegt að einhver þeirra Spio eintaka sem fundist hafa hér og verið ákvörðuð sem S. filicornis reynist við nánari athugun tilheyra öðrum Spio tegundum. S. filicornis er pólhverf tegund, útbreidd í norðanverðu Atlantshafi.

48. Spio limicola Verrill.

Greip: Algeng tegund í greiparsýnum, 12-580/m^2 (22. mynd). Tíðni 71% og er S. limicola þriðja útbreiddasta tegundin á svæðinu. Á A og B fannst tegundin oftast nær, mest 27/m^2 á A og 48/m^2 á B.

Tog: Kom fyrir einu sinni til tvisvar á öllum stöðvum (1-6/tog), nema á T3 og T6 en þar fannst tegundin aldrei.

Útbreiðsla S. limicola er lítt þekkt enn sem komið er. Eintökin úr þessari könnun eru þau fyrstu sem finnast við Ísland, en síðan hefur tegundin fundist á Selvogsbanka (Jörundur Svavarsson, munnl. uppl.). Fundarstaðir utan Íslands eru við Svalbarða, Grænland og Cape Cod, U.S.A. og auk þess kann tegundin að hafa fundist í Eyrarsundi.

49. Spio théeli (Söderström).

Greip: Víða, einkum þar sem leðjubotn er blandinn sandi eða skeljabruðningi (23. mynd). Tíðni 42%. Tvö eintök á B.

Tog: Á T1, T3 og T18, 3 eintök alls.

Útbreiðsla S. théeli er lítt þekkt. Tegundin fannst fyrst hér við land í Skerjafirði 1974. Fundarstaðir utan Íslands eru við Novaja Semlja, undan Síberíuströndum, við Alaska og í Gullmarfirði, Svíþjóð. Allar upplýsingar um útbreiðslu S. limicola og S. théeli eru fengnar frá Helga Guðmundssyni.

50. Spio sp.

Greip: Eitt eintak á B.

51. Polydora caeca (Örsted).

Greip: Víða í firðinum, 1-5/stöð, nema á 54-13, 26/stöð (24. mynd). Tíðni 43%. Á A og B fannst tegundin nokkrum sinnum 1-15/m^2.

Tog: Á T1, T2, T3, T9, T18. Fá eintök á hverri stöð. Sum eintökin af T18 greind sem P. cf. caeca.

P. caeca er áður getið úr Skerjafirði og einnig hefur hún fundist á Selvogsbanka (Jörundur Svavarsson munnl. uppl.). Tegundin hefur víða útbreiðslu í Atlantshafi.

52. Polydora quadrilobata Jacobi.

Greip: Víða, 1-8/stöð nema 33/stöð á 54-13 (25. mynd). Tíðni 23%. Eitt eintak á B.

Tog: Á T1 og T3, sitt eintakið á hvorri stöð.

Tegundin fannst fyrst hér við land 1971 í Kópavogi (A.G. 1973). Síðan hefur hún fundist víða við suðvestan- og vestanvert landið, en er sjaldgæf norðanlands og ófundin á Austfjörðum (A.I. munnl. uppl.). Fundarstaðir leirbornar fjörur og leðjubotn neðan fjörumarka. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Norðursjó.

53. Polydora caulleryi Mesnil.

Greip: Á 7 stöðvum, flestum með landinu við Katanes, alls 20 eintök.

Tog: Fjögur eintök, öll á T9, í og innan um F. implexa (nr. 107) pípur.

Hefur fundist hér áður í Skerjafirði og síðar á Selvogsbanka (Jörundur Svavarsson munnl. uppl.). Norðlæg tegund, nær suður að Frakklandsströndum.

54. Polydora ciliata (Johnston).

Greip: Á 50.5-15.5, 52-18 og 53-17.5; 5 eintök alls.

Tog: Á T1 og T3; 1-3/tog.

Tegundin hefur fundist í fjörum frá SV-landi norður um til Langaness (A.I. munnl. uppl.). Auk þess á grunnsævi í Faxaflóa og við Djúpavog.

55. Pygospio elegans Claparéde.

Greip: Hér og þar með löndunum. Tíðni 15%. Fá eintök á stöð nema á 54-13, 51 eintak.

Tegundin fannst fyrst hér við land í Ósum 1971. Síðan hefur komið í ljós að hún er algeng í sandi og leðju í fjörum við land allt (A.I. munnl. uppl.). Víð útbreiðsla utan Íslands.

56. Spiophanes bombyx Claparéde.

Greip: Á sex stöðvum á sandbotni kringum Hvalfjarðareyri, 10 eintök alls.

Útbreiðsla S. bombyx er suðlæg og hefur tegundin aðeins fundist hér í hlýja sjónum við Suðvesturland.

57. Spionidae, Genus, sp.

Greip: Eitt eintak á B.

58. cf. Caulleryella (killariensis?) Southern.

Greip: Tvö eintök á 54-17.5.

Tálkn og þreifarar eru að mestu dottnir af eintökunum og þau því erfið í greiningu.

Tegundin C. killariensis er þekkt frá Írlandi og úr Skagerak.

59. Cirratulus cirratus (O.Fr. Müller).

Greip: Fimm eintök alls: 4 við Katanes, 1 á 47-16.

Tog: Á T1, T3, T6, T8, T9, T18; 1-12/tog.

Algeng í fjöru og á grunnsævi þar sem undirlag er blandað. Víð útbreiðsla utan Íslands.

60. Chaetozone setosa Malmgren.

Greip: Útbreidd í firðinum, tíðni 60%, þéttleiki 12-6600/m^2 (26. mynd). Kom alltaf fyrir á A og yfirleitt á B, mest 40/m^2 á A.

Tog: Á T1, T2, T5, T6, T7, T8, T12, T16; 1-10/tog.

C. setosa er algeng hér og á nálægum hafsvæðum. Hún er fjórða algengasta tegundin í greiparsýnum, alls fengust 912 eintök.

61. Dodecaceria concharum Örsted.

Greip: Á fimm stöðvum með landinu við Katanes og þrem utantil í firðinum, 1-3/stöð.

Tog: Á T1, T3 og T9.

Tegundin finnst helst í kóralþörungi og skeljabruðningi og er í göngum sem hún borar í kalkið. Hún hefur verið talin sjaldgæf hér, sbr. W.L. 1951, en ofanskráðar niðurstöður benda til þess að svo þurfi alls ekki að vera, og er ekki ólíklegt að tegundin fyndist hér víða væri hennar leitað á réttri botngerð. Fundur nokkurra ungra eintaka D. concharum í pípum kalkpípuorma í Skerjafirði (A.G., K.A. óbirtar niðurstöður), bendir einnig til þessa.

62. Cossura longocirrata Webster & Benedict.

Greip: Útbreidd, tíðni 65%, þéttleiki 12-2560/m^2 (27. mynd). Á A og B fannst tegundin oftast en þéttleiki var breytilegur, 0-100/m^2.

Tog: Á T1, T2, T5, T6, T9; 1-8/tog

C. longocirrata fannst fyrst hér við land í Hvalfirði 1973, 1 eintak (Á.J., B.I. 1973). Í þessari könnun kom svo í ljós að tegund þessi er ein af ríkjandi tegundum, hvað þéttleika snertir, á leðjubotninum

um miðbik fjarðarins. Þetta er smávaxin tegund í Hvalfirði, eintökin 2-3 mm heil, en brotna oftast í tvennt í meðförum. C. longocirrata er útbreidd í N-Atlantshafi og gildir sennilega það sama um hana og ýmsar aðrar tegundir, sem nýlega hafa fundist hér, að smæð hennar veldur því, hve seint hún finnst.

63. Flabelligera affinis M. Sars.

Greip: Sjö eintök alls á 5 stöðvum.

Tog: Á T1, T3, T4, T18; 1-18/tog. Algengust á T1 og T3.

Hefur fundist í fjörum frá SV-landi til Vestfjarða og á grunnsævi hér og þar við landið. Víð útbreiðsla, þó er tegundin sjaldséð í hitabeltishöfum.

64. Brada villosa Rathke.

Greip: Tvö eintök alls, á 53-17.5 og 54-17.5.

Tog: Á T1, T3 og T8. Algengust á T1, 4-40/tog.

B. villosa er bipólar tegund, útbreidd í norðlægum höfum. Hún er allalgeng hér við land, t.d. einkennistegund leðjubotns í Skerjafirði og mjög algeng í Ósum og neðan brúar í Hraunsfirði. Stöðvarnar sem tegundin finnst á í Hvalfirði eru á hörðum botni vöxnum kóralþörungi. Þar finnast þó ýmsar dýrategundir, þ.á m. B. villosa, sem aðeins hafast við á mjúkum botni. Má því telja víst, að "leðjupollar" séu hér og þar á kóralþörungasvæðinu og mjúkbotnstegundir þess séu úr slíkum pollum. Í hinum eiginlega mjúka botni Hvalfjarðar fannst B. villosa alls ekki.

65. Brada inhabilis (Rathke).

Greip: Eitt eintak, á 54-17.5.

Tog: Á T1 og T3; 1-20/tog.

B. inhabilis hefur víða norðlæga útbreiðslu. Hér við land hefur hún svipaða útbreiðslu og B. villosa. Í Hvalfirði koma báðar tegundirnar fyrir á sömu stöðvum. Búast hefði mátt við, miðað við þekkta útbreiðslu tegundanna hér, að þær væru í einhverjum mæli á mjúkum botni í Hvalfirði. Þar fannst hins vegar hvorug tegundin og er ekki vitað hvað veldur. Benda má á, að hvorug tegundin fannst í Akureyrar-

polli, en þar sem þær eru báðar norðlægar er kuldi ekki líkleg orsök fyrir fjarveru þeirra, hvorki í Akureyrarpolli né dýpri hlutum Hvalfjarðar. Nær er að ætla að fæðuskilyrði ráði hér mestu um, og má geta sér þess til að hörgull sé á hentugri fæðu á mjúka botninum í Hvalfirði. Líklegt er hins vegar að meira falli til af lífrænum leifum uppi í kóralþörungabeltinu, þar sem tegundirnar fundust.

66. Scalibregma inflatum (Rathke).

Greip: Víða, á ýmsum botngerðum, tíðni 44% (28. mynd). Kom oft fyrir á A og B, mest 19/m^2 á B.

Tog: Á T1, T3 og T18; 1-4/tog.

Finnst við land allt á grunnsævi og á fjörum. Víð útbreiðsla utan Íslands. Eintökin úr Hvalfirði eru óvenjulega smávaxin, flest innan við 1 cm á lengd.

67. Ophelia limacina Rathke.

Greip: Með löndum báðum megin í firðinum, 14 eintök alls.

Tog: Á T6 og T18; 3 eintök alls.

Útbreiðsla norðlæg, nær suður í Miðjarðarhaf. Hér fundin víða á fjörum og grunnsævi.

68. Ammotrypane aulogaster Rathke.

Greip: Algeng tegund á mjúka botninum, 12-500/m^2, tíðni 64% (29. mynd). Á A og B kom tegundin oft fyrir, fjöldi breytilegur, mestur í júlí-ág. 1976, mest 323/m^2 á B.

Tog: Á T5, T6, T7, T18; lítið, 1-4/tog.

Hefur fundist við alla landshluta. Er allalgeng á sand- og leirbotni í Skerjafirði, Ósum og Hraunsfirði, en fannst ekki í Akureyrarpolli. Eintökin úr Hvalfirði eru yfirleitt óvenjulega smá, örsjaldan lengri en 1 cm.

69. Capitella capitata (O. Fabricius).

Greip: Tíu eintök alls á 8 stöðvum, flestum við Hvalfjarðareyri. Eitt eintak á A.

Tegundin hefur fundist víða við landið, en hvergi mjög mikið af henni. Víð útbreiðsla í köldum og tempruðum höfum.

70. Notomastus latericeus M. Sars.

Greip: Á 48-17 og 44-17; 3 eintök alls.

Tegundin hefur fundist á nokkrum stöðum við landið auk þess að vera allalgeng í Faxaflóa (Hermann Einarsson 1941). Víð útbreiðsla utan Íslands.

71. Heteromastus filiformis (Claparéde).

Greip: Hér og þar, tíðni 24% (30. mynd). Stöku sinnum á A og B.

Tog: Á T3 og T7; 2 eintök alls.

Getið frá tveim stöðum við landið (W.L. 1951), en nú er auk þess vitað að tegundin er algeng bæði í Skerjafirði og Ósum.

72. Capitellidae, Genus sp.

Greip: Tvö eintök alls á A og B.

Tog: Á T1, T3 og T18; 8 eintök alls.

73. Rhodine gracilior Tauber

Greip: Hér og þar á ýmsum botngerðum, tíðni 20% (31. mynd). Kom lítillega fyrir á A og B.

Fundin á ýmsum stöðum við landið. Víð útbreiðsla.

74. Nicomache sp.

Greip: Á 6 stöðvum, 9 eintök alls.

Tog: Á T1, T2, T3, T8, T9; mest á T1, 1-21/tog.

75. Petaloproctus tenuis Arwidson (eða P. tenuis var. borealis Arw.)

Greip: Á 6 stöðvum, 19 eintök alls.

Tog: Á T1, T2, T8, T9, T18; mest 57/tog á T1.

Auk ofanskráðs við nr. 74 og 75 fengust alls 78 framendar orma af þessum ættkvíslum bæði í greip og togum. Ættkvíslirnar Nicomache og Petaloproctus eru náskyldar. Þær eru aðgreindar á mismunandi daustrektum,

en eru að öðru leyti mjög áþekkar í útliti. Þessir ormar slitna oft í meðförum og er þá mjög erfitt að ákvarða framendana til ættkvíslar. Tegundir ættkvíslarinnar Nicomache eru auk þess afar torgreindar og hefur ekki unnist tími til að ákvarða þau eintök til tegundar. Að öðru leyti er helst að nefna að P. tenuis er áður fundin hér í Ósum og Skerjafirði en af Nicomache ættkvíslinni hafa fundist 4 tegundir hér við land til þessa (W.L. 1951 og A.G., K.A. óbirtar niðurstöður). Báðar ættkvíslirnar lifa í hörðum sandpípum, sem eru festar annað hvort á steina eða skeljar. Í Hvalfirði eru þessir ormar einkum algengir á hörpudiksskeljum, bæði dauðum og lifandi. Fundarstaðir eru í samræmi við lífnaðarhætti, þ.e. á hörðum botni eða þar sem mýkri botn er blandinn skeljabruðningi og steinum.

76. cf. Microclymene sp.

Greip: Á 52.5-16.5; 1 eintak, mjög smátt.

77. Praxilella praetermissa Malmgren.

Greip: Allvíða á mjúkum botni, tíðni 29% (32. mynd). Kom nokkrum sinnum fyrir á B, fá eintök.

Tog: Á T1, T2, T3, T7, T8, T9, T14, T18. Yfirleitt fá eintök á stöð.

Fundin allt í kringum landið en virðist algengust frá SV-landi til Vestfjarða. Algeng í Ósum og Skerjafirði en fannst ekki í Akureyrarpolli.

78. Maldane sarsi Malmgren.

Greip: Á 4 stöðvum um miðbik fjarðarins, 17 eintök alls. Flest eintakanna á 50-16.5, sem er dýpsta stöðin í firðinum, dýpi 86 m.

Tog: Eitt eintak á T9.

M. sarsi er algeng tegund við landið og er t.d. getið sem ríkjandi tegundar í samfélögum í Ísafjarðardjúpi og út af Eyjafirði (Spärk 1937) og í Faxaflóa er tegundin algeng ásamt P. praetermissa (Hermann Einarsson 1941). Í Skerjafirði innanverðum er M. sarsi

algeng á 5-10 m dýpi (120-1800/m^2), og í Akureyrarpolli er tegundin mjög algeng á 20-50 m dýpi og jókst þéttleiki með dýpi; meðalfjöldi 2187/m^2 á 40 m og dýpra. Í Ósum var M. sarsi hins vegar sjaldgæf en P. praetermissa algeng. Ekki er ljóst, hvað veldur fæð M. sarsi og P. praetermissa í Hvalfirði. Hvort tveggja tegundirnar eru hér við land vel innan þolmarka sinna hvað hitastig snertir, og dýpi á leðjubotni í Hvalfirði ætti að vera nóg fyrir báðar, a.m.k. borið saman við, hve grunnt þær eru í Skerjafirði. Nærtækasta skýring er þá sú að fæðuskilyrði fyrir stóra Maldanidae séu óhagstæð í Hvalfirði. Þessir ormar eru setætur en ekki vitað, hvers konar set hentar þeim bezt. Þótt útbreiðsla þessara tegunda sé oft áþekk. bendir fjarvera P. praetermissa í Akureyrarpolli samt til þess að þol tegundanna gagnvart ákveðnum umhverfisþáttum sé talsvert mismunandi, en hvaða þættir það eru sem aðskilja þær er ekki þekkt.

79. Maldanidae, Genus sp.

Greip: Eitt eintak á B.

Tog: Á T6 og T9, 2 eintök alls. Öll þessi eintök eru mjög smá.

80. Myriochele oculata Zachs

Greip: Ríkjandi tegund hvað fjölda snertir víðast hvar á sófnunarsvæðinu (33. mynd). Tíðni 84%. Mesti fjöldi á m^2 var 8174 en meðalfjöldi á m^2 fyrir allar greiparstöðvar var 886. Á A og B var tegundin algeng, 185-392/m^2 á A en 886-1653/m^2 á B. Á A er M. oculata 28% af heildarfjölda þeirra dýra sem fengust á stöðinni yfir árið en 55% á B.

Tog: Kom ætíð fyrir á öllum togstöðvum, en var ekki metin til magns vegna þess hve tímafrekt það hefði orðið.

M. oculata er fyrst lýst af Zachs 1922 og var eintökunum er hann lýsti safnað í Hvítahafi. Tegundar þessarar er ekki getið í yfirlitsbókum yfir burstaormafánu N-Atlantshafs, s.s. Fauvel 1927 og Hartmann-Schröder 1971. Skv. Kirkegaard 1969 er M. oculata samt algengasta burstaormategund í Norðursjó, bæði hvað snertir útbreiðslu og þéttleika. Útbreiðsla þessarar tegundar er ekki vel þekkt, e.t.v. vegna tegundaruglings innan ættkvíslarinnar eða jafnvel ruglings milli ættkvísla af ættinni Oweniidae sem Myriochele tilheyrir. Kirkegaard

telur tegundina norðlæga og hún er þekkt austur með ströndum Rússlands og Síberíu til Japan.

M. oculata lifir í sandpípum sem eru talsvert lengri en ormurinn er sjálfur. Pípurnar eru stökkar og brotna því oft í meðförum. Ekki er unnt að sjá á pípu, hvort dýr er í henni eða ekki. Þar sem mikið er af tegundinni, eins og í Hvalfirði, er því frágangssök að kanna nákvæmlega hve mikill hluti pípna er tómur. Verða því allar fjöldatölur ónákvæmar. Á útbreiðslukortinu og í öllum útreikningum er byggt á beinum talningum pípna og er þar því örugglega um of háar tölur að ræða. Kirkegaard telur um 50% allra pípna úr Norðursjó vera tómar. Hlutfall tómra pípna er tæpast svo hátt í Hvalfirði, en sennilega eru þar 20-40% pípna tómar. Mesti þéttleiki M. oculata í Norðursjó er um 6000/m^2 og verða hæstu tölur úr Hvalfirði ekki óáþekkar ef reiknað er með 20-40% frádrætti. Allmiklar sveiflur koma fram í fjölda M. oculata á föstu greiparstöðvunum (A og B). Eru þær marktækar skv. X^2 prófunum (X^2_8 = 21.02 á A en 55.44 á B).[1] Frá því í ág.-sept. 1975 þar til í jan. 1976 fækkar á báðum stöðvum en fjölgar síðan í jan.-ágúst 1976 en þá fækkar mikið á báðum stöðvum (tafla 1, viðauka). Gæti þetta bent til þess að fjöldasveiflur ættu sér stað milli ára, en til þess að skera úr um hvort svo er þyrfti sýnataka að ná yfir miklu lengri tíma en hér um ræðir.

Við athugun á nokkrum eintökum sem til eru úr Akureyrarpolli frá könnuninni 1972 og greind eru sem Owenia fusiformis kom í ljós að um er að ræða M. oculata. O. fusiformis var algeng í Ósum skv. könnun 1973. Aðeins hafa verið varðveitt eintök af einni stöð þar (3B) og eru þau rétt greind. Af þeim 6 eintökum af "O. fusiformis", sem greind voru í könnun á Skerjafirði 1975 reyndust við nánari athugun nú 3 vera O. fusiformis og 3 M. oculata. Má því búast við að M oculata eigi eftir að finnast allvíða hér við land.

81. Sternaspis scutata Ranzani.

Greip: Algeng tegund á leðjubotninum, tíðni 56%, þéttleiki mest 1170/m^2 (34. mynd). Á A og B er tegundin algeng, 132-469/m^2 á A en 210-568/m^2 á B. Hún er 29% af heildarfjölda og 6.5% af heildarlífþunga á A, en 17% af heildarfjölda og 7.9% af heildarlífþunga á B.

1) $p < 0.01$ á A, $p < 0.001$ á B.

Tog: Mjög algeng. Skiptir hundruðum í togsýnum nema af stöðvum T1, T3 og T18, en þar fengust yfirleitt mest fáeinir tugir/tog.

Leðjubotnstegund með víða útbreiðslu, algeng hér, einkum þó við V- og NV-land. Hún er algeng í Skerjafirði, mest 1050/m^2, og útbreidd í Akureyrarpolli, mest 490/m^2. Á föstu greiparstöðvunum í Hvalfirði er fjöldi S. scutata breytilegur, og virðist tegundinni vera að fjölga á báðum stöðvum frá ág. 1975 - ág. 1976 (tafla 1 í viðauka). Þessi fjölgun er marktæk (X^2_8 = 28.87 á A og 27.03 á B).[1)]

S. scutata eintök úr Hvalfirði eru mjög smá miðað við eintök úr Skerjafirði. Meðalþyngd einstaklinga í greiparsýnum úr Skerjafirði í júní 1975 er 50.6 mg. Greiparsýni úr Hvalfirði tekin á sama tíma voru að vísu ekki vegin, en eintök af föstu greiparstöðvunum eru að meðaltali þyngst í sept. 1975 og marz 1976, 20 mg (á A). Ársmeðaltal, ág. 1975 - ág. 1976 er 15.6 mg á A en 13.2 mg á B. Í Akureyrarpolli voru sýni tekin í mars 1972 og var meðalþyngd S. scutata þá 33.4 mg. Virðist því tegundin til muna smávaxnari í Hvalfirði heldur en í Akureyrarpolli og Skerjafirði.

82. Pectinaria granulata s.l. (L.).

Greip: Nokkuð algeng með löndum og víðar, tíðni 35% (35. mynd). Fáein eintök á A og B.

Tog: Á öllum togstöðvum, nema T16, en lítið á hverri. Algengust á T1, T3 og T18, mest 164/tog á T1.

Algeng hér, einkum við vestanvert landið. Mest á grunnsævi og í fjöru, oftast á leir- og sandbotni. Frekar norðlæg tegund, pólhverf. Nokkuð af eintökunum á T18 í ág. og sept. 1976 var ungviði, pípa 2-4 mm.

83. Pectinaria koreni Malmgren.

Greip: Á A og B, 2 eintök á A, 4 á B.

Tog: Á T2, T6 og T7; 7 eintök alls.

Hefur fundist hér allvíða, oftast á grunnsævi. Útbreidd um austanvert Atlantshaf frá Barentshafi suður til Afríku.

1) $p < 0.001$ á báðum stöðvum.

84. Ampharete finmarchica (M. Sars).

Greip: Á 5 stöðvum, ein inn við Katanes, hinar yst í firðinum, 6 eintök alls. Eitt eintak á B.

Tog: Á T6, T7 og T9; 4 eintök alls.

Fannst fyrst hér við land á Langanesflaki, 1971 (A.G. 1973). Hefur nýlega fundist á Selvogsbanka (Jörundur Svavarsson munnl. uppl.). Tegundin fundin víða í norðlægum höfum frá grunnslóð út á 3000 m dýpi.

85. Ampharete acutifrons (Grube).

Greip: Hér og þar á ýmsum botngerðum, 1-5/stöð. Tíðni 16%. Sjaldséð á A en kom oft fyrir á B.

Tog: Á flestum stöðvum; yfirleitt 1-4/tog.

Fundin víða við landið. Allalgeng í Skerjafirði og Ósum, fannst í Hraunsfirði en ekki í Akureyrarpolli. Eintökin úr Hvalfirði flest mjög smá.

86. Ampharete sp.

Tog: Á T3, eitt eintak.

87. Anobothrus gracilis Malmgren (= Sosane gracilis).

Greip: Á 4 stöðvum utan til á svæðinu, 4 eintök alls.

Tog: Á T9 og T18, 3 eintök alls.

Strjálir fundarstaðir við landið nema í Faxaflóa, þar sem tegundin er talin algeng (W.L. 1951).

88. Melinna cristata (M. Sars).

Greip: Á 48-16, 49.5-16.5 og 50-16.5; 4 eintök alls. Eitt eintak á B.

Tog: Á T5, T14 og T18; 3 eintök alls.

Algeng hér, einkum við SV-land. Víð norðlæg útbreiðsla, nær suður til Miðjarðarhafs.

89. Amphitrite cirrata O. Fr. Müller.

Greip: Við Katanes og á 48-15 og 48-16; 13 eintök alls.

Tog: Á T1, T3, T6 og T18; mest 20-30/tog á T3.

Útbreidd tegund um norðanvert Atlantshaf. Algeng hér víðast hvar í fjöru og á grunnsvæði.

90. Nicolea zostericola Örsted (N. venustula, W.L. 1951).

Greip: Á 5 stöðvum utan til í firðinum; 1-2/stöð.

Tog: Á T1, T2, T3, T9, T18; mest 50/tog á T3.

Fundin á nokkrum stöðum við landið sunnan- og vestanvert. Allalgeng í Skerjafirði, einkum í þöngulhausum. Tegundin er norðlæg, pólhverf, suðurmörk í Norðursjó. Erfitt að rekja útbreiðslu til hlítar vegna ruglings við N. venustula (Montagu).

91. Pista maculata (Dalyell).

Tog: Á T1 og T3; 3 eintök alls.

P. maculata er hánorræn tegund, fundin nokkrum sinnum hér við land. Tvö eintakanna úr Hvalfirði eru afbrigðileg að því leyti að engir langskeftir krókburstar fundust í fremstu liðum frambols.

92. Proclea graffi (Langerhans).

Greip: Þrettán eintök alls, öll á 54-13.

Fundin einu sinni áður hér við land, í Faxaflóa (Hermann Einarsson 1941). Fundin víða um norðanvert Atlantshaf, en yfirleitt alls staðar sjaldgæf.

93. Laphania boecki Malmgren.

Greip: Á 44-17 og 50.5, 53 og 54-17.5; 4 eintök alls.

Norðlæg tegund. Hefur fundist á nokkrum stöðum í Faxaflóa og við N- og A-land. Allalgeng í Akureyrarpolli.

94. Lanassa venusta (Malm).

Greip: Á 49-17, 50.5 og 52.5-17.5; 3 eintök alls.

Tog: Á T9; 2 eintök.

Fannst fyrst hérlendis í Skerjafirði 1976 (A.G., K.A. óbirtar niðurst.). Norðlæg tegund, pólhverf, hefur fundist suður í Eyrarsund.

95. Thelepus cincinnatus O. Fabricius.

Tog: Á T3, 1 eintak.

Norðlæg tegund, atlantisk, hefur fundist víða hér við land.

96. Terebellides stroemi (M. Sars).

Greip: Algeng tegund, tíðni 63% (36. mynd). Frekar lítið um tegundina á A, 1-8/m^2, en algengari á B, 16-106/m^2.

Tog: Algengur á öllum stöðvum; einna mest þó á T1, T3 og T5.

Mjög algeng tegund hér við land. Heldur sig einkum á leirbotni. Víð útbreiðsla.

Á nokkrum eintökum af T1 fannst sníkjukrabbadýrið Saccopsis terebellidis Lev. (Copepoda), sjá nr. 183.

97. Terebellidae, Genus sp.

Tog: Á T3; 3 eintök alls.

98. Sabella crassicornis M. Sars (Sabella fabricii, W.I. 1951).

Greip: Á 44-17 og 51-17.5; 4 eintök alls.

Tog: Á T1 og T3; 1-8/tog.

Pólhverf, norðlæg, nær suður í Miðjarðarhaf. Harðbotnstegund, hefur fundist á fáeinum stöðum við landið.

99. Potamilla reniformis (O. Fr. Müller)

Greip: Á 48-15 og 52-18; 7 eintök.

Finnst í norðlægum höfum og suður undir miðbaug. Fundin víða við landið og á að vera mjög algeng á hörðum botni í Faxaflóa (Hermann Einarsson 1941). Nokkur eintök til viðbótar greipareintökunum 7 kunna að leynast í ógreindum Sabellidae úr togsýnum.

100. Laonome kröyeri Malmgren.

Greip: Víða á mjúka botninum, tíðni 24% (37. mynd).

Í Zool. Icel. (W.L. 1951) er tegund þessi talin norðlæg og sjaldgæf, helst fundin í NA-Atlantshafi. Hér við land eru nefndir 4 fundarstaðir, allir við norðanvert landið. Tegundin reyndist algeng í Skerjafirði 1975. Auk ofantalinna greipareintaka úr Hvalfirði eru mörg eintök af ættinni Sabellidae úr tog- og greiparsýnum enn ógreind til tegundar, en stór hluti þeirra er án efa L. kröyeri.

101. Euchone cf. analis (Kröyer).

Greip: Á 48-16, 1 eintak.

Þar sem eintakið er án tálknkrónu, er ekki unnt að ákvarða það með vissu til tegundar. Nokkur eintök af E. analis hafa fundist hér. Tegundin er frekar norðlægrar útbreiðslu en nær suður í Norðursjó.

102. Fabricia sabella (Ehrenberg).

Greip: Á 54-13; 4 eintök.

Afar algeng tegund í fjörum og rétt neðan fjöru, bæði hér og við N- og V-Evrópu.

103. Fabricinae, Genus sp.

Greip: Á 4 stöðvum, 5 eintök alls.

Eintökin eru mjög smá og tókst ekki að ákvarða þau nánar, en líkur benda þó til að þau tilheyri ættkvíslinni Chone.

104. Sabellidae, Genera spp.

Greip: Á A, 11 eintök, og B, 44 eintök.

Tog: Alls 18 eintök af flestum togstöðvum.

Ekki hefur gefist tími til að greina þessi eintök nánar, en líklegt er að megnið af þeim sé L. kröyeri og sennilega eitthvað af P. reniformis og Fabricinae (nr. 103).

105. Pomatoceros triqueter L.

Greip: Á 47-15 og 47-17; 3 eintök alls.

Tog: Á T1 og T18; 4 eintök alls.

Hefur fundist við alla landshluta, en er aðeins algeng við S- og SV-land, enda suðlægrar útbreiðslu.

106. Chitinopoma groenlandica (Mörch).

Greip: Allmörg eintök utan til í firðinum.

Tog: Á T1 og T9; 5 eintök alls.

Fannst fyrst hér við land 1971, neðst í fjöru við Kársnesbryggju og í Ósum (A.G. 1973). Norðlæg útbreiðsla. Á skeljum, þara, steinum o.fl.

107. Filograna implexa (Berkeley).

Greip: Á 44-17; 1 eintak.

Tog: Á T9, 4 eintök.

Útbreidd tegund í N-Atlantshafi. Hefur fundist víða hér við land.

108. Circeis spp. Spirorbidae.

Greip: Á 52.5-17.5 og 54-13; nokkur eintök, (C. spirillum).

Tog: Á T1, T3 og T18.

Yfirleitt var talsvert af kalkpípuormum af ættkvíslinni Circeis (Saint-Joseph) á skeljum, þörungum, hveldýrum og mosadýrum í togsýnum af T1 og T3 og lítils háttar af T18. Engin tilraun var gerð til talningar á þessum dýrum, en tekin eintök hér og hvar til tegundaákvörðunar. Circeis spirillum (L.) mun vera algengasta tegundin, en líkur eru á að C. armoricanus og jafnvel C. armoricanus subsp. fragilis séu einnig í þessum sýnum. Spirorbidae er erfið ætt í greiningu og er stuðst við Knight-Jones (1977) við ákvörðun tegunda hennar.

109. Pileolaria quadrangularis (Stimpson) Spirorbidae.

Tog: Á T1, 11 eintök alls, þar af sum P. cf. quadrangularis.

Tegundin hefur áður verið greind úr Skerjafirði (A.G., K.A. óbirtar niðurst.). P. quadrangularis er þekkt úr NV-Atlantshafi fyrst og fremst. Knight-Jones (1977) telur þessa tegund algenga hér, en óvíst er á hvaða heimildum það álit er byggt.

L I N D Ý R (M o l l u s c a):

Nökkvar (Amphineura):

110. Lepidopleurus asellus Spengler, breiðnökkvi.

Tog: Á T1 og T3; 1-16/tog.

Hefur fundist við S-, V- og Norðurland frá 0 út á 200 m dýpi. Hefur ekki fundist í kalda sjónum fyrir Austurlandi. Suðlæg Atlantshafstegund, hér nærri norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

111. Tonicella marmorea (O. Fabricius), flekkunökkvi.

Greip: Algeng á kóralþörungasvæðinu (38. mynd). Tíðni 14%.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T7. Mjög algeng á T1 og T3, mest 2440/tog á T1 og 1900 á T3.

Algeng tegund hér neðarlega í fjöru og á grunnsævi þar sem botn er harður. Norðlæg, pólhverf, nær suður í Miðjarðarhaf.

112. Tonicella rubra (L.), rauðnökkvi.

Greip: Á þrem stöðvum við Katanes; 2-3/stöð.

Tog: Á T1, T2, T3, T7. Mest 216/tog á T3.

Algeng tegund hér á hörðum botni frá 0 út á 270 m dýpi. Útbreiðsla svipuð og hjá nr. 111.

113. Ischnochiton albus (L.), ljósnökkvi.

Greip: Mest með landinu Katanesmegin (39. mynd). Tíðni 20%.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T18; mest á T1 og T3, allt að 360/tog.

Algeng við landið á hörðum og blönduðum botni. Svipuð útbreiðsla og hjá Tonicella tegundunum en fer þó ekki eins langt suður og þær.

Fortálknar (kuðungar) (Prosobranchia):

114. Puncturella noachina (L.), ljóramotra.

Greip: Nokkur eintök á stöðvum í grennd við Katanes og á fáeinum ytri stöðvunum.

Tog: Á T1, T2, T3, T4. Allalgeng á T1 og T3, mest 200/tog.

Fundin við alla landshluta nema Suðurland. Bipólar tegund, útbreidd á köldum og tempruðum hafsvæðum. Á hörðum botni.

115. Acmaea testudinalis (O. Fr. Müller), olnbogaskel.

Greip: Fáein eintök með landinu við Katanes og á 47-15.

Tog: Á T1, T3, T4, T6, T18. Mest 70/tog á T3.

Algeng harðbotnstegund við landið, frá miðri fjöru út á 30-40 m dýpi. Útbreidd með ströndum norðurhafa og suður til Azoreyja.

116. Acmaea virginea (O. Fr. Müller), meyjarhetta.

Greip: Algeng á kóralþörungastöðvum við Katanes (um 35/stöð).

Tog: Mjög algeng á T1 og T3, mest 2800/tog. Fannst auk þess á T2, T4 og T7.

Lifandi eintök tegundarinnar hafa fundist hér allvíða, þó ekki við Austurland. Aðalútbreiðsla um norðaustanvert Atlantshaf. Í Hvalfirði virðist tegundin vera bundin við kóralþörungabeltið meðfram norðurströnd fjarðarins og virðist hún lifa, a.m.k. að miklu leyti, á kóralþörungnum.

117. Lepeta coeca (O. Fr. Müller), haðarhetta.

Greip: Strjál með norðurströndinni og á ytri stöðvunum, þar sem botn er harður eða blandaður.

Tog: Á T1, T2, T3, T9. Algengust á T1, mest 130/tog.

Fundin víða hér, þó ekki við Suðurland. Norðlæg, pólhverf. Á mörgum eintakanna úr Hvalfirði óx hveldýrstegund, sennilega af ættkvíslinni Perigonimus (nr. 311).

118. Margarites helicinus (Phipps), gljásilfri.

Greip: Á 50-17, 1 eintak, og 54-13, 74 eintök.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T5, T7, T9. Fá eintök yfirleitt, einna mest á T3.

Norðlæg tegund, pólhverf, hér algeng í fjörum og á grunnsævi.

119. Margarites groenlandicus (Gmelin), baugasilfri.

Greip: Allalgengur á kóralþörungasvæðinu og auk þess nokkur eintök utan til í firðinum og á 54-13.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T7, T18. Algengastur á T3, mest 1300/tog.

Atlantshafstegund, norðlæg, suðurmörk við Bretlandseyjar. Algengur hér á grunnsævi.

120. Margarites cinereus (Couthoy), kjalsilfri.

Greip: Á 47-17; 2 eintök.

Tog: Á T1 og T3; alls 20 eintök.

Fremur sjaldséð tegund, en hefur fundist við alla landshluta. Norðlæg, pólhverf, Ísland með syðstu fundarstöðum við Evrópu.

121. Gibbula tumida (Montagu), fédugga.

Tog: Á T1, T3, T18. Mest á T3, 54 eintök alls.

Hefur fundist allvíða við S- og V-land. Er hér á norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

122. Moelleria costulata (Möller), gróttudoppa.

Greip: Eitt og eitt eintak með landinu Katanesmegin og á 54-13

Tog: Á T1; eitt eintak.

Lifandi eintök fundin við V-, NA- og Austurland. Lifir trúlega víðar hér, en er lítt áberandi vegna smæðar (2 x 1.5 mm). Atlantshafstegund, norðlæg.

123. Lacuna divaricata (O. Fabricius), þarastrútur.

Greip: Á 50-16.5, 1 eintak og 54-13, 10 eintök.

Tog: Á T1, T3, T5, T7, T9, T16, T18. Yfirleitt fá eintök/tog, langmest 120/tog á T3 í ágúst '75. Mikið af örsmáu ungviði sem ekki var hægt að telja fannst einnig á T3 á sama tíma.

Algeng tegund neðst í fjöru og á grunnsævi við landið. Útbreidd frá V-Evrópu norður eftir höfum, pólhverf. Lifir fyrst og fremst á botnföstum þörungum, s.s. Laminaria tegundum og fylgir því mestmegnis

dýptarmörkum þörunganna. Því má teljast líklegt, að greipareintakið og eintökin af T9 og jafnvel T7 og T16 hafi flækst þangað út með þarareki.

124. Onoba striata (Montagu), bárusnotra.

Tog: Á T3; 6 eintök.

Hefur fundist hér og þar við alla landshluta, þ.á m. í innri hluta Hvalfjarðar (Á.H.J., B.I. 1973). Suðlæg tegund, hér nærri norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

125. Onoba aculeus (Gould), baugasnotra.

Greip: Á 54-13; 246 eintök.

Tog: Á T18; 1 eintak.

Algeng við landið, neðst í fjöru og út á 4-5 m dýpi. Norðlæg. Greiparstöðin sem tegundin fannst á er á u.þ.b. 2 m dýpi á leðjubotni og er oft mjög mikið af O. aculeus á slíkum stöðum.

126. Omalogyra atomus (Philippi), ránarögn.

Greip: Á 54-13, 100 eintök.
Tog: Á T3, 4 eintök.

Hefur aðallega fundist hér í fjörum, einkum suðvestan og vestanlands, en virðist sjaldgæf í kaldari sjó norðan lands og austan (J.B.S. 1974 og A.I. munnl. uppl.). Aðalútbreiðsla frá Miðjarðarhafi um NA-Atlantshaf til V-Grænlands. Örsmá tegund, 1-2 mm í þvermál.

127. Trichotropis borealis Broderip & Sowerby, barðakati.

Greip: Á 54-17.5 og 55-18; 6 eintök alls.

Tog: Á T1 og T3, mest um 50/tog.

Fundin víða hér við land. Norðlæg tegund, pólhverf, suðurmörk við Skotland.

128. Velutina velutina (O.Fr. Müller), hornkúfa.

Tog: Á T1; 1 eintak.

Strjál við alla landshluta, nema afar sjaldgæf við Suðurland. Norðlæg, pólhverf, nær suður til Miðjarðarhafs.

129. Velutina plicatilis (O. Fr. Müller), skinnkúfa.

Tog: Á T1 og T3, alls 2 eintök.

Fundin við Suður- og Vesturland, sjaldgæf. Norðlæg, pólhverf.

130. Velutina undata (Brown), skelkúfa.

Tog: Á T3, 1 eintak.

Fundin við N-, A- og SA-land. Sjaldgæf. Norðlæg tegund.

131. Marsenina glabra (Couthoy), skalladúði.

Tog: Á T1 og T3, 7 eintök alls.

Hefur fundist á 4 stöðum við V-, NV-, N- og Austurland. Norðlæg tegund.

132. Natica clausa Broderip & Sowerby, meyjarpatta.

Greip: Á 49-15, 52-18, 54-13, alls 3 eintök.

Tog: Á T1, T2, T3, T18; fá eintök/tog.

Fundin víða við landið. Norðlæg, pólhverf, nær suður í Miðjarðarhaf.

133. Natica pallida Broderip & Sowerby (= Lunatia), grænlandspoppa.

Greip: Á 51-17.5, 1 eintak.

Tog: Á T1, T2, T3, T5, T9, T18; 1-4/tog.

Hefur fundist við alla landshluta en algengust við norður- og austurströndina. Heldur norðlægari en N. clausa, en útbreiðsla annars svipuð.

134. Trophon truncatus (Ström) (= Boreotrophon), gáradofri.

T. clathratus (L.) (= Boreotrophon), kambdofri.

Greip: Á 53-17.5, 1 eintak T. clathratus.

Tog: T. truncatus: sextán eintök af T1 og T3 talin til þessarar tegundar.

T. clathratus: Á T1, T2, T3, T18. Mörg eintök.

Þessar tegundir eru taldar hér saman vegna þess hve erfitt er að greina með vissu á milli þeirra. Víst er þó að kambdofri er algengari

í sýnum heldur en gáradofri. Talsverður hluti kambdofra eintakanna tilheyrir T. clathratus var. gunneri. Báðar tegundirnar eru taldar algengar við landið. Kambdofrinn er norðlæg, pólhverf tegund, en gáradofrinn norðlæg, atlantisk og nær heldur lengra suður en kambdofrinn.

135. Buccinum undatum L., beitukóngur

Greip: Á 47-15, 48-15, 52-18 og 54-13, alls 4 eintök.

Tog: Á T1, T2, T3, T5, T11, T18. Mest 100/tog á T18.

Mjög algeng tegund við landið neðarlega í fjöru og út á 100 m dýpi. Tegundin er útbreidd í N-Atlantshafi, nær til A-Grænlands og eitthvað austur með Síberíuströndum.

136. Neptunea despecta (L.), hafkóngur.

Tog: Á T1, T3, T18 alls 6 eintök.

Allalgeng tegund hér á 10-400 m dýpi. Útbreidd í N-Atlantshafi frá Portúgalsströndum og norður úr. Pólhverf.

137. Lora pyramidalis (Ström), vörðubeli.

Tog: Á T1; 1-4/tog.

Algeng í Faxaflóa og hefur fundist víða við landið, sjaldnast við Austurland. Norðlæg, atlantisk. Ættkvíslin Lora er erfið í greiningu og ekki fullvíst að öll ofangreind eintök séu L. pyramidalis.

Baktálknar (Ophistobranchia):

138. Alderia modesta (Lovén)

Greip: Á 54-13, 1 eintak.

Fyrsti fundarstaður tegundarinnar við Ísland. Síðan hefur tegundin fundist á fjórum stöðum við Faxaflóa, í Hornafirði og í Önundarfirði (J.B.S. 1979). Algengust á fitjum, en hefur líka fundist neðan fjöru. Útbreidd við V-Evrópu frá Frakklandi til Noregs og við norðanverða austurströnd Bandaríkjanna.

Bertálknar (Nudibranchia):

139. Dendronotus sp.

Tog: Á T1, T3, T18. Mest á T1.

140. Doto sp.

Greip: Á 44-17, 1 eintak.

141. Acanthodoris pilosa (O.Fr. Müller).

Tog: Á T1, 1 eintak.

Algeng við landið neðst í fjöru og á grunnsævi. Útbreidd um norðanvert Atlantshaf.

142. Adalaria proxima (Alder & Hancock).

Tog: Á T18, 2 eintök.

Víða á grunnsævi við landið. Norðlæg, finnst suður í Ermarsund.

143. Onchidoris bilamellata (L.)

Tog: Á T3, 2 eintök.

Hefur fundist við alla landshluta. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Frakkland.

144. Onchidoris muricata (O.Fr. Müller).

Greip: Á 49-15, 1 eintak.

Tog: Á T3 og T18, 5 eintök alls.

Algeng hér neðst í fjöru og á grunnsævi. Algeng við Bretlandseyjar og norður eftir til Hvítahafs, Grænlands og Alaska.

145. Polycera dubia M. Sars.

Tog: Á T1, T2, T3, T6, T18. Mest á T3, 55/tog.

Algeng við landið neðst í fjöru og á grunnsævi. Útbreidd í Atlantshafi frá Miðjarðarhafi og norður úr.

146. Cadlina laevis (L.).

Greip: Á 49.5-16.5, 1 eintak.

Tog: Á T1 og T3, alls 3 eintök.

Allalgeng við landið. Norðlæg, pólhverf, finnst við Evrópustrendur suður til Írlands.

147. Coryphella sp.

Greip: Á 54-17.5, 1 eintak.

Tog: Á T1, T3, T9, T18. Fjöldi mjög mismunandi, mest 110/tog á T1.

148. Eubranchus tricolor Forbes.

Tog: Á T1, T2, T3, T18. Mest á T1.

Þessi tegund hefur fundist einu sinni áður við Ísland, í fjöru við Hvassahraun, Gull. (J.B.S. munnl. uppl.). Útbreidd tegund um norðanvert Atlantshaf.

kennir Spärck (1937) botndýrasamfélög víða í fjörðum hérlendis, m.a. í Hvalfirði, við þessa tegund. Kolkuskelin er norðlæg, pólhverf og er hér nærri suðurmörkum útbreiðslu sinnar.

153. Crenella decussata (Montagu), auðnuskel.

Greip: Kom fyrir á nokkrum stöðvum, einkum á sendnum botni; 1-15/stöð.

Tog: Á T1, T3, T5, T9, T18. Mest á T18, 100/tog.

Allalgeng á leir- og sandbotni. Norðlæg, pólhverf, nær suður til Miðjarðarhafs.

154. Modiolus modiolus (L.), aða.

Greip: Á hörðum og blönduðum botni með norðurströnd fjarðarins; 1-5/stöð.

Tog: Á T1, T3, T18; 1-4/tog.

Algeng á hörðum botni, frá neðsta hluta fjöru út á 200 m dýpi. Norðlæg, pólhverf, nær suður í Biscayaflóa.

155. Musculus discors (L.), silkihadda, (= Modiolaria discors).

Greip: Kom einkum fyrir á hörðum og blönduðum botni. Tíðni 19%. Tvö eintök á A.

Tog: Kom fyrir á flestum togstöðvunum. Mest 60-70/tog á T1 og T3.

Öll eintök sem komu fyrir af ættkvíslinni Musculus voru greind sem M. discors. Ekki er þó loku fyrir það skotið að eintök af tegundinni M. niger (Gray) kunni að fyrirfinnast innan um, þar eð mörg eintakanna voru mjög smá og erfið í greiningu. M. discors er algeng við landið, mest neðarlega í fjöru og á grunnu vatni. Fundarstaðir M. niger eru talsvert strjálli og hún finnst ekki í fjöru. Að öðru leyti er útbreiðsla tegundanna áþekk, norðlæg, pólhverf, suðurmörk M. discors í Norðursjó en M. niger við Madeira.

156. Mytilus edulis L., kræklingur

Greip: Á 50-16.5, 52.5-14.5 og 54-13, 8 eintök alls.

Tog: Á T1, T2, T3, T7, T18. Yfirleitt 1-8/tog nema á T18, þar mest 250/tog. Mestallt ungviði.

149. Nudibranchia, Genus sp.

Tog: Á T3, 2 eintök.

Samlokur (Bivalvia):

150. Nucula tenuis (Montagu), gljáhnytla.

Greip: Á 48-16 og 52.5-16.5, 2 eintök alls.

Tog: Á T1, T5, T7, T18; 1-4/tog.

Algeng tegund við alla landshluta. Útbreidd frá Miðjarðarhafi og norður úr. Er einnig í norðanverðu Kyrrahafi. Hún er algeng í Faxaflóa (Hermann Einarsson 1941) og í flestum þeim innfjörðum sem kannaðir hafa verið á síðari árum, s.s. Ósum, Þorskafirði (A.I 1976) og í Akureyrarpolli. Hefði því mátt búast við, að hún væri einnig algeng í Hvalfirði, og er ekki ljóst hvað veldur fæð hennar þar.

151. Leda minuta (O.Fr. Müller), trönusystir.

Greip: Á sjö stöðvum dreift um fjörðinn; 1-2/stöð. Eitt eintak á A en 8 á B.

Tog: Kom fyrir á öllum togstöðvum en lítið, mest 20/tog.

Hefur fundist mjög víða hér, en er yfirleitt strjál. Tegundin er pólhverf, norðlæg, nær frá Svalbarða suður í Ermarsund.

152. Yoldia hyperborea Lovén, kolkuskel.

Greip: Allalgeng, einkum á leirbotni, tíðni 45%, 12-85/m^2 (40. mynd). Algeng á báðum föstu greiparstöðvunum, þéttleiki 55/m^2 að meðaltali á A en 43.8/m^2 á B. Kolkuskel var ríkjandi á báðum stöðvum hvað snertir lífþunga, 63.6% af heildarþunga á A en 49.4% á B, en var þó aðeins 5.5% af heildarfjölda einstaklinga á A en 1.9% á B. Árssveiflur á fjölda kolkuskeljar voru ekki merkjanlegar (X^2_8 = 3.96 á A og 1.96 á B).[1)]

Tog: Algeng á öllum togstöðvum á leirbotninum en sjaldgæf á harðbotnsstöðvunum T1 og T3 og sandbotnsstöðinni T18.

Kolkuskel er mjög algeng tegund hér, einkum inni á fjörðum á 10-200 m dýpi. Vegna mikils lífþunga og hárrar tíðni tegundarinnar í sýnum

1) $p > 0.05$ á báðum stöðvum.

Kræklingur er algengasta samlokutegundin við landið og heldur sig mest á malarblöndnum botni, frá neðri hluta fjöru út á 20-30 m dýpi þar eð afar lítið er um malarbotn á athugunarsvæðinu í Hvalfirði, er ekkert óeðlilegt að lítið finnist þar af kræklingi.

157. Chlamys islandica (O. Fr. Müller), hörpudiskur, (= Pecten islandicus).

Greip: Á nokkrum stöðvum á kóralþörungasvæðinu og á blönduðum botni utan til í firðinum; 1-2/stöð.

Tog: Á T1, T3, T18. Mest 50/tog á T1 og T3.

Hörpudiskur er algengur við landið nema við suðurströndina. Norðlæg tegund í Atlants- og Kyrrahafi en fer þó ekki mjög norðarlega, t.d. sjaldgæfur við Svalbarða. Við Noregsstrendur finnst hörpudiskur suður til Stafangurs.

158. Heteranomia squamula, L., gluggaskel, (= Anomia squamula).

Greip: Á 54-17.5, 1 eintak.

Tog: Á T1, T3, T18; 1-2/tog.

Algeng tegund við landið frá fjöru út á 400 m dýpi. Útbreidd í N-Atlantshafi.

159. Astarte borealis (Schumacher), A. borealis (Chemnitz), gimburskel.

Tog: Á T1 og T3, 2 eintök alls.

Allalgeng við landið. Norðlæg, pólhverf, nær suður í nyrsta hluta Norðursjávar. Erfitt er að greina ung eintök A. borealis frá ungum eintökum A. montagui og kynnu því að leynast fleiri A. borealis í sýnunum en þau 2, sem hér eru talin.

160. Astarte montagui (Dillwyn), lambaskel.

Greip: Kom fyrir á 7 strandstöðvum dreift í firðinum; 1-2/stöð.

Tog: Á T1, T3, T8, T9, T18. Einna algengust á T1, mest 72/tog.

Algeng við landið. Norðlæg, pólhverf, nær suður í Biscayaflóa. A. borealis eintök gætu leynst innan um í ungviði greindu sem A. montagui.

161. Astarte elliptica (Brown), dorraskel.

Greip: Á 13 stöðvum dreift um fjörðinn á sendnum og blönduðum botni.

Tog: Á T1, T3, T9, T11, T18. Fullorðin eintök algengust á T1 og T3; 20-40/tog.

Algeng hér við land. Norðlæg, pólhverf, nær suður að Frakklandsströndum. Mörg stærri eintakanna af T1 og T3 voru með óvenjulega þykkar skeljar, en eintök af T18 voru yfirleitt með eðlilega skeljaþykkt. Á T18 í ágúst 1975 fengust 160 eintök, svo til allt ungviði innan við 5 mm á lengd.

162. Arctica islandica L., kúfskel, (= Cyprina islandica).

Greip: Á 5 stöðvum á sandbotni utan Hvalfjarðareyrar; 1-6/stöð. Eitt eintak á B.

Tog: Á flestum togstöðvum, en yfirleitt fá eintök á stöð.

Algeng tegund við landið. Útbreidd í N-Atlantshafi, frá Biscayaflóa til Hvítahafs. Flestöll eintökin úr Hvalfirði voru ungviði.

163. Thyasira gouldi (Philippi), hrukkubúlda.

Greip: Víða, 12-134/m^2, tíðni 34% (41. mynd). 4 eintök á B.

Tog: Á T1, T2, T3, T7, T9, T11, T12; 1-4/tog.

Allalgeng tegund hér við land. Norðlæg, pólhverf.

164. Axinopsis orbiculata (Sars), búldusystir.

Greip: Á 52-15, 1 eintak.

Fundin á ýmsum stöðum við landið, oftast við Austurland. Norðlæg tegund, hér nálægt suðurmörkum útbreiðslu sinnar.

165. Serripes groenlandicus (Chemnitz), krókskel.

Greip: Fáein eintök/stöð hér og þar (42. mynd). Tíðni 30%. Tvö eintök á B.

Tog: Á öllum togstöðvum nema T4. Yfirleitt 1-50/tog.

Allalgeng hér víða á 0-120 m dýpi. Norðlæg, pólhverf, hér nærri suðurmörkum útbreiðslu sinnar.

166. Cardium echinatum L., ígulskel.

Tog: Á T18, 3 eintök.

Fundin allvíða við S- og Vesturland. Útbreiðsla frá Miðjarðarhafi og Kanaríeyjum til Finnmerkur.

167. Cardium fasciatum Montagu, pétursskel.

Greip: Á 48-16, 48-17 og 54-17.5; 5 eintök alls.

Tog: Á T1, T2, T5, T8, T9, T11; 1-3/stöð.

Fundin víða við SV- og Vesturland en sjaldséðari við aðra landshluta. Útbreiðsla svipuð og hjá undanfarandi tegund, nema hvað pétursskelin nær heldur norðar en ígulskelin.

168. Cardium ciliatum Fabricius, báruskel.

Greip: Hér og þar, einkum utan til á svæðinu (43. mynd). Tíðni 26%.

Tog: Á öllum stöðvum, nema T4, T6 og T14. Víðast lítið, mest 130/tog á T1.

Allalgeng tegund við landið. Norðlæg tegund, pólhverf, hér nærri suðurmörkum útbreiðslu sinnar.

169. Spisula solida var. elliptica (L.), tígulskel.

Tog: Á T18, 1 eintak.

Fundin hér víða, einkum við S- og Vesturland. Mjög algeng á vissum svæðum í Faxaflóa (Hermann Einarsson 1941). Útbreiðsla frá Finnmörku og Íslandi suður í Miðjarðarhaf.

170. Abra prismatica (Montagu), ýsuskel.

Tog: Á T18, 1 eintak.

Fundin allvíða við S- og Vesturland og á fáeinum stöðum við Vestfirði. Útbreiðsla svipuð og hjá undanfarandi tegund.

171. Abra nitida (O. Fr. Müller), lýsuskel.

Greip: Allalgeng um miðbik söfnunarsvæðis; 12-220/m^2 (44. mynd). Tíðni 41%. Örfá eintök á A og B.

Tog: Á öllum stöðvum nema T4, T14 og T16. Mest 80/tog.

Fundin víða við Suðurland og í Faxaflóa en óvíst um fundarstaði utan þess svæðis. Útbreiðsla svipuð og hjá nr. 169. Bæði í tog- og greiparsýnum var nokkuð um samlokur sem ekki urðu ákvarðaðar með vissu til tegundar vegna skelskemmda af völdum formalíns. Mestur hluti þessara eintaka mun sennilega tilheyra A. nitida.

172. Macoma calcaria (Chemnitz), halloka.

Greip: Víða, 12-366/m^2. Virðist heldur algengari á grynnri stöðvunum en þeim dýpri (45. mynd). Tíðni 48%.

Tog: Kom fyrir á flestum stöðvunum, yfirleitt 1-10/tog.

Hallokan er mjög algeng á 1-100 m dýpi á leirbotni við strendur landsins og hafa dýrasamfélög víða á grunnsævi verið kennd við hana. Norðlæg tegund, pólhverf, suðurmörk við Bretlandseyjar. Eintökin úr Hvalfirði eru yfirleitt smá nema af grynnstu stöðvunum, s.s. 54-13 og 55-18.

173. Hiatella arctica (L.), rataskel.

Greip: Á nokkrum stöðvum með landinu Katanesmegin; 1-6/stöð.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T18; þar af allalgeng á T1, T3 og T18.

Rataskel er mjög algeng á hörðum botni við landið, frá neðri hluta fjöru og út á 500 m dýpi. Hún er og útbreidd um öll heimsins höf. Í ágúst 1975 var mjög mikið af ungviði, u.þ.b. 1 mm á langd, á T3 og var ekki unnt að koma á það tölu.

174. Mya arenaria (L.), sandskel.

Greip: Á 44-17, 1 eintak.

Sandskel fannst fyrst hér við land 1958 (Ingimar Óskarsson 1959) og hefur síðan fundist allvíða frá Skarðsfirði vestur og norður um land til Vopnafjarðar. Hún hefur fundist hér á leirbotni, frá fjöru út á 30-40 m dýpi. Atlants- og Kyrrahafstegund, nær frá Hvítahafi suður til Frakklands.

175. Mya truncata L., smyrslingur.

Greip: Á 52-15, 52-18 og 55-18, 5 eintök alls.

Smyrslingur er algengur við landið á 1-130 m dýpi. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Biscayaflóa. Tegundin grefur sig djúpt í botnleðjuna (10-20 cm) og er því mögulegt í sumum tilfellum að hún náist ekki í greipina. Sama gildir um sandskel og halloku.

176. Mya sp.

Greip: Á nokkrum stöðvum, einkum á sendna botninum utan Hvaleyrar, 1-15/stöð. Tvö eintök á B.

Tog: Á flestum stöðvum; 1-20/tog.

Hér er um að ræða ungviði af ættkvíslinni Mya, um eða innan við 5 mm löng, en svo smá eintök voru ekki ákvörðuð til tegundar vegna ýmissa erfiðleika.

177. Lyonsia arenosa Möller, sandkænuskel.

Tog: Á T18, 2 eintök alls.

Hefur aðallega fundist hér við Norður- og Austurland. Hánorræn tegund, pólhverf, suðurmörk útbreiðslu við Finnmörku og Ísland.

178. Thracia myopsis (Möller), hrukkusnekkja.

Greip: Á nokkrum stöðvum, einkum með löndunum; 1-5/stöð.

Tog: Á T1 og T3; fá eintök.

Fundin víða við landið. Norðlæg tegund, atlantisk, nær suður til Bergen.

179. Ógreindar samlokur.

Allmörg sködduð eintök, bæði úr tog- og greiparsýnum. Tilheyra sennilega flest nr. 171 og e.t.v. fáein nr. 172.

Seaphopoda:

180. Dentalium entale L.

Tog: Á T9, 1 eintak.

Tegundin er allalgeng hér við land. Útbreiðsla við Evrópu frá Svalbarða suður í Miðjarðarhaf.

KRABBADÝR (Crustacea):

Skelkrabbar (Ostracoda):

181. Philomedes globosus (Lilljeborg)

Greip: Á 48-16 og þrem grunnstöðvum við Katanes; 1-3/stöð.

Tog: Á T9, 4 eintök innan um F. implexa pípur.

Fundin víða við landið, m.a. talsvert algeng í Skerjafirði. N-Atlantshafstegund, nær suður til Bretlandseyja.

182. Ostracoda, Podocopa, Genus sp.

Greip: Voru í miklum mæli, $> 1000/m^2$ á A og B í mars 1976.

Krabbaflær (Copepoda):

183. Saccopsis terebellidis Levinsen.

Tog: Kom tvisvar fyrir á T1, í mars og maí 1976. Alls 14 eintök.

Sníkir á burstaorminum Terebellides stroemi (nr. 96). Hefur fundist tvisvar áður hér við land, í Faxaflóa og Seyðisfirði. Annars þekkt frá Grænlandi. Öll eintökin voru fest baklægt á hýsil rétt aftan tálkna.

184. Copepoda, Genus sp.

Tog: Eitt eintak sníkjandi á burstaorminum H. imbricata (nr. 2) á T1, mars 1976.

Hrúðurkarlar (Cirripedia):

185. Verruca stroemia (O. Fr. Müller).

Greip: Á 46-16 og 49-16.

Tog: Á T1 og T3.

Fundin víða hér við land. NA-Atlantshafstegund, útbreidd frá Svalbarða til Miðjarðarhafs. Fundin eintök voru sjaldnast talin, en voru yfirleitt örfá á hverri stöð.

186. Balanus balanus (L.).

Greip: Á 3 kóralþörungastöðvum við Katanes og Grundartanga og auk þess á 47-16; 1-14/stöð.

Tog: Á T1, T2, T3, T4, T12, T18. Algengust í kóralþörungatogunum T1 og T3; mest 220/tog.

Algeng við landið. Um Atlantshaf norðanvert, e.t.v. pólhverf.

187. Balanus crenatus Bruguiére.

Greip: Á tveim stöðvum við Hvalfjarðareyri.

Mjög algeng tegund neðarlega í fjöru í innanverðum Hvalfirði og auk þess fundin þar á nokkrum stöðvum neðan fjöru (Á.H.J., B.I. 1973). Hefur fundist í fjörum SV- og Vestanlands norður í Breiðafjörð (A.I. munnl. uppl.). Eintökin úr þessari könnun flest ásætur á kræklingi.

188. Balanus sp.

Greip: Á 52.5 -17.5.

Tog: Á T1, T2, T3, T9, T12, T18.

Hér er um að ræða allmikið af smáum hrúðurkarli, yfirleitt ásætu á ýmsum skeldýrum, s.s. kræklingi og hörpudiski, en einnig á marþvara (nr. 255). Þessi eintök tilheyra sennilega B. balanus og B. crenatus.

Agnir (Mysidacea):

189. Mysis ornata (G.O. Sars), (= Schistomysis ornata).

Tog: Á T7 og T18, 5 eintök alls.

Fundin á nokkrum stöðum fyrir Suðurlandi. NA-Atlantshafstegund, hér sennilega nærri norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

190. Mysis oculata (O. Fabricius).

Tog: Á T3, 2 eintök alls.

Hefur fundist hér við alla landshluta. Norðlæg tegund; Grænland,

Svalbarði, Noregur norðan Lófóts. Samkvæmt A.I. (1974) var M. oculata algeng í Borgarfirði í apríl og í innri hluta Hvalfjarðar í nóvember 1973, en fannst ekki á þessum stöðum á öðrum árstímum.

191. Mysis mixta Lilljeborg (= Michteimysis mixta).

Greip: Á A og B, 5 eintök alls.

Tog: Kom fyrir á öllum togstöðvum í júlí 1975 og fram eftir hausti, fækkar yfir veturinn en fjölgar aftur sumarið 1976 (tafla 2 í viðauka).

Mysis mixta er mjög algeng tegund við landið og útbreidd með ströndum N-Atlantshafs. Magn tegundarinnar í sýnum úr Hvalfirði er afar breytilegt bæði milli ára, árstíma og togstöðva. Tegundin virðist vera nokkuð jafndreifð við botn um allt söfnunarsvæðið í júlí 1975, en í ágúst sama ár er minna af henni. Í september fjölgar tegundinni á stöðvum með mjúkum botni en fækkar á harða botninum. Um háveturinn virðist tegundin nokkuð jafndreifð en lítið af henni, og enn minna um vorið og fyrri hluta sumars 1976. Í júlí og ágúst 1976 virðist henni fjölga aftur en sú fjölgun kemur þó bara fram á einni stöð. Flest eintakanna sem fengust í janúar og mars voru með eggjapoka.

Árstíðabundinna breytinga á magni agna í Hvalfirði og Borgarfirði hefur áður verið getið (A.I. 1974). Mjög lítið er vitað um lífsferil þessara dýra hérlendis, svo og ferðir þeirra. Mögulegt er að hvarf þeirra úr sýnum vor og fyrri hluta sumars 1976 stafi af því að fullorðnu dýrin drepist í miklum mæli eftir got og síðan komi ungviðið ekki fram í sýnum strax vegna smæðar eða þá vegna þess að það heldur sig ekki í firðinum, eða a.m.k. ekki við botninn þar á þessum tíma. Hvarf fullorðnu dýranna gæti líka verið af sömu ástæðum, þ.e. að þau fari úr firðinum eða frá botni.

192. Macromysis flexuosa (O. Fr. Müller).

Tog: Á T1, T3, T6 og T18; 1-12/tog.

Tegundarinnar er ekki getið héðan í prentuðum heimildum svo vitað sé, en Agnar Ingólfsson (1974) telur hana algenga á grunnu vatni, a.m.k. við suðvestanvert landið og Jón B. Sigurðsson (1974) getur hennar úr Hraunsfirði, Snæf. Tegundin er suðlæg, hér á norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

193. Mysis sp.

Greip: Á 45-17; 1 eintak.

Tog: Á T6 og T18, 5 eintök alls.

Illa farin eintök , ógreinanleg.

Cumacea:

194. Leucon nasicoides Lilljeborg og Leucon cf. nasicoides.

Greip: Á 47-16, 48-16 og 17 og 53-17.5; 5 eintök alls.

Fundin á nokkrum stöðum við Austurland svo og í Skerjafirði. N-Atlantshafstegund.

195. Eudorellopsis deformis (Kröyer).

Greip: Á 8 stöðvum, flestum í grennd við Hvalfjarðareyri. Alls 12 eintök.

Hefur fundist við alla landshluta. Útbreidd við strendur N-Atlantshafs.

196. Leptostylis ampullacea (Lilljeborg).

Greip: Á 45-17 og 47-16, 3 eintök alls.

Hefur fundist á örfáum stöðum fyrir norðan og austan land. NA-Atlantshafstegund.

Tanaidacea:

197. Leptognathia gracilis (Kröyer).

Greip: Á 8 stöðvum, flestum á sendnum botni í grennd við Hvalfjarðareyri; 1-16/stöð.

Hefur áður fundist hér í Reykjavíkurhöfn og Skerjafirði. Annars strjálir fundarstaðir um norðanvert Atlantshaf.

Þanglýs (Isopoda):

198. Idotea baltica (Pallas).

Tog: Á T1, T3, T7, T18, 12 eintök alls.

I. baltica finnst í fjörum frá SV-landi norður og austur í Vopnafjörð (A.I. munnl. uppl.). Útbreiðsla um Atlantshaf norðanvert á 0-40 m dýpi. Nær ekki til heimskautssvæða.

199. Idotea emarginata (J.C. Fabricius).

Tog: Á T1, T7, T18, 6 eintök alls.

Er í fjörum frá SV-landi norður og austur að Melrakkasléttu (A.I. munnl. uppl.). Útbreidd frá Miðjarðarhafi til Íslands og N-Noregs á 0-40 m dýpi.

200. Idotea sp.

Tog: Á T5, T6, T18, 7 eintök alls.

Ímist sködduð eintök eða ógreinanlegt ungviði.

201. Janira maculosa Leach.

Tog: Á T2, T5, T8, T9, T12, T18, yfirleitt fá eintök.

Fundin á nokkrum stöðum við Suður- og Austurland, í Dýrafirði og í Skerjafirði. Útbreidd um Atlantshaf norðanvert. Finnst einnig í Kyrrahafi. Tvö eggjafull dýr meðal Hvalfjarðareintakanna, annað fékkst í ágúst, hitt í september.

202. Munna sp.

Greip: Á 45-17, 47-17 og 53-17.5, 4 eintök alls.

Tog: Á T1, T3, T18, fáein eintök.

Greipareintökin ákvörðuð sen Munna cf. limicola G.O. Sars, en eintökin úr togsýnunum voru ekki ákvörðuð til tegundar.

203. Pleurogonium spinossimum G.O. Sars.

Greip: Á 55-15, 1 eintak.

Tog: Á T18, 2 eintök.

Hefur fundist hér og þar við landið. Norðlæg tegund, suðurmörk við Bretlandseyjar.

204. Pleurogonium inerme G.O. Sars.

Greip: Á 51.5-16, 1 eintak.

Svipuð útbreiðsla og hjá undanfarandi tegund.

205. Desmosoma tenuimanum G.O. Sars.

Greip: Á 45-17, 47-16 og 48-16, 3 eintök.

Hefur fundist hér einu sinni áður, við Austurland. Útbreidd frá A-Grænlandi til Noregs og Danmerkur.

206. Phryxus abdominalis (Kröyer).

Tog: Á T1, 1 kvendýr; T3 2 kvendýr og 1 karldýr.

Hefur fundist við alla landshluta. Norðlæg tegund, pólhverf. Tegundin sníkir á ýmsum krabbadýrum. Annað kvendýrið á T3 fannst á P. montagui (nr. 264), en hýslar hinna eintakanna eru ekki þekktir.

207. Bopyridae ♂, cf. Pseudione sp.

Tog: Á T1, T3, T18, 3 eintök alls.

Sníkjudýr á krabbadýrum. Hýsill ekki kunnur, nema eintakið af T1 fannst í eggjapoka S. pusiola (nr. 262).

Marflær (Amphipoda):

208. Anonyx nugax (Phipps).

Greip: Á 52.5-14.5 og 15, 15 eintök alls.

Tog: Á T18, 4 eintök alls.

Algeng hér við land. Útbreidd um Atlantshaf norðanvert, pólhverf.

209. Byblis gaimardi (Kröyer).

Greip: Á 44-17, 51.5-16 og 52-15.5, 8 eintök alls.

Tog: Á T16 og T18; 1-6/tog.

Hefur fundist við alla landshluta. Norðlæg, pólhverf, nær suður til Bretlandseyja.

210. Pontoporeia femorata Kröyer

Greip: Á 53-14 og 54-13; 550/m^2 á þeirri síðarnefndu en fá eintök á 53-14.

Blettótt útbreiðsla í leirfjörum og á grunnsævi í öllum landshlutum. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Ísland og V-Noreg.

211. Phoxocephalus holbölli (Kröyer).

Greip: Á 48-15 og 49-15, 4 eintök alls.

Hefur fundist hér og þar við alla landshluta. Frekar norðlæg, nær frá V-Grænlandi og Finnmörku til Skotlands.

212. Paraphoxus oculatus (G.O. Sars).

Tog: Á T18, 1 eintak.

Áður fundin á 2 stöðum; fyrir Norðurlandi og fyrir Austurlandi á 350-400 m dýpi. Útbreidd frá V-Grænlandi og N-Noregi til Skotlands.

213. Gitanopsis bispinosa (Boeck).

Greip: Á 47-16 og 47-17, 2 eintök.

Hefur ekki fundist áður hér við land, en er annars útbreidd frá V-Grænlandi og Lófót til Bretlandseyja.

214. Gitanopsis inermis (G.O. Sars).

Tog: Á T3, 1 eintak.

Hefur fundist einu sinni áður hér við land, út af Austurlandi. Norðlæg tegund; við Grænland, Svalbarða og N-Noreg.

215. Metopa cf. sinuata G.O. Sars.

Tog: Á T3, 1 eintak.

Fundin hér á einum stað við Suðurland og e.t.v. í Breiðafirði. Norðlæg, nær frá Grænlandi og Svalbarða suður til Færeyja.

216. Metopa cf. alderi (Sp. Bate).

Tog: Á T3, 1 eintak.

Hefur fundist við Reykjanes og í Reykjavíkurhöfn. Útbreiðsla frá Svalbarða suður til Bretlandseyja.

217. Metopa sp.

Greip: Á 48-17, 1 eintak.

218. Odius carinatus (Sp. Bate).

Greip: Á 49.5-16.5, 1 eintak.

Hefur áður fundist í Hvalfirði og út af Skaga. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Bretlandseyjar.

219. Pontocrates arcticus G.O. Sars.

Tog: Á T18, 1 eintak.

Hefur fundist á fáeinum stöðum frá Vestfjörðum norður um til Austurlands. Aðrir fundarstaðir við Noreg og Skotland.

220. Oediceros saginatus Kröyer.

Greip: Á 48-16 og 17 og 3 stöðvum við Katanes; alls 8 eintök.

Algeng tegund víða við landið, m.a. í Skerjafirði og Ósum. Norðlæg tegund, hér nálægt suðurmörkum útbreiðslu sinnar.

221. Monoculodes sp.

Greip: Á 45-17, 47-16 og 51.5-16, alls 3 eintök. Auk þess 14 eintök á A og 16 á B.

Tog: Á T2, T3, T6, T7, T18, fá eintök á stöð.

Líklegt er að megnið af þessum eintökum tilheyri tegundinni M. tesselatus Sparre Schneider, sem hefur fundist áður í Hvalfirði og víðar hér við land.

222. cf. Monoculodes sp.

Tog: Á T1, alls 8 eintök, sum illa farin.

223. Syrrhoe crenulata Goës.

Tog: Á T18, 1 eintak.

Áður fundin á 3 stöðum við Austurland. Norðlæg tegund, útbreidd um norðanvert Atlantshaf suður í Skagerak.

224. Calliopius laevisculum (Kröyer).

Tog: Á T1, T3, T18, alls 29 eintök.

Algeng tegund við landið á grunnsævi. Útbreidd um norðanvert Atlantshaf, pólhverf.

225. Neopleustes monocuspis (G.O. Sars).

Tog: Á T3 og T6, alls 5 eintök.

Fundin á 3 stöðum við V-, NV- og Austurland. Blettótt útbreiðsla, Grænland, Ísland, Skagerak.

226. Parapleustes assimilis (G.O. Sars).

Greip: Á 53-17.5 og 54-17.5, sitt eintakið á hvorri.

Fundin hér einu sinni áður, í Norðfirði. Útbreiðsla aðallega norðlæg, Hudsonflói, V-Grænland, Hvítahaf en hefur fundist suður til Liverpool.

227. Sympleustes glaber (Boeck).

Tog: Á T3 og T18, allmörg eintök.

Fundin víða hér við land. Norðlæg, pólhverf, nær suður til Danmerkur. Þessi tegund er sennilega talsvert algengari í Hvalfirði en hér er talið, því talsvert af ógreindum marflóm úr firðinum mun vera af þessari tegund (sjá nr. 253).

228. Paramphithoë hystrix (J.C. Ross).

Tog: Á T1 og T3, alls 3 eintök.

Hefur fundist á nokkrum stöðum við alla landshluta. Útbreidd um norðanvert Atlantshaf, sennilega pólhverf.

229. Melita dentata (Kröyer).

Greip: Á 47-16, 48-16 og 51-17.5, alls 5 eintök.

Tog: Á T1, T2, T8, T9, T12, T18. Yfirleitt 1-8/tog, mest 45/tog (T2).

Hefur fundist alloft hér við land á 10-100 m dýpi. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Bretlandseyjar.

230. Maera loveni (Bruzelius).

Greip. Á 52-16 og 52-17, alls 7 eintök. Auk þess á A, 8 eintök alls.

Tog: Á T1, 8 eintök.

Hefur fundist á fáeinum stöðum við landið. Norðlæg, suðurmörk við Bretlandseyjar.

231. Gammarus locusta (L.).

Tog: Á T5, 1 eintak.

Hefur fundist hér á fáeinum stöðum í fjörum frá Reykjanesi norður og austur til Bakkafjarðar (A.I. 1977). Neðan fjöru hefur tegundin fundist í Ósum og er þar algeng. Hún hefur víða norðlæga útbreiðslu utan Íslands. Grunnsævistegund.

232. Gammarus oceanicus Segerstråle.

Tog: Á T18, 1 eintak.

Afar algeng tegund á fjörum hérlendis (A.I. 1977) og finnst einnig neðan fjöru út á nokkurra m dýpi. Hefur víða útbreiðslu í fjörum utan Íslands.

233. Dexamine thea Boeck.

Greip: Á 48-16, 53-14.5 og 53-17.5, alls 3 eintök.

Hefur fundist neðan fjöru við SV-land og í Hraunsfirði, en í fjörum frá Reykjanesi norður á Vestfirði (A.I. munnl. uppl.). Útbreidd tegund í fjöru og á grunnsævi frá N-Noregi suður í Miðjarðarhaf og er hér á norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

234. Photis reinhardti Krøyer.

Greip: Á 49.5-16, 2 eintök.

Tog: Á T9, 5 eintök

Fundin á nokkrum stöðum við landið. Norðlæg grunnsævistegund, pólhverf, suðurmörk við Danmörku.

235. Photis sp.

Greip: Á 54-13, 1 eintak.

236. Eurysteus melanops (G.O. Sars).

Greip: Á 45-17, 1 eintak.

Hefur fundist á nokkrum stöðum við landið. Norðlæg, suðurmörk við Danmörku.

237. Eurysteus palmatus (Stebbing & Robertsson) (= Gammaropsis nana G.O. Sars).

Greip: Á 47-16, 1 eintak.

Tegundin hefur ekki fundist áður hér við land. Fundin í Óslófirði, við Bretlandseyjar og í Miðjarðarhafi.

238. Podoceropsis nitida (Stimpson).

Tog: Á T1, T3 og T18; 1-15/tog.

Hefur fundist í Seyðisfirði og á Faxaflóasvæðinu. Grunnsævistegund, í N-Atlantshafi, frá N-Noregi og suður í Ermarsund. Einnig til í Kyrrahafi.

239. Protomedeia fasciata Kröyer.

Greip: Á 6 greiparstöðvum, flestum með ströndinni Hvalfjarðareyrarmegin. Alls 7 eintök.

Algeng tegund hér á 0-100 m dýpi. Norðlæg, suðurmörk við norðanverðar Bretlandseyjar.

240. Amphithoë rubricata (Montagu).

Greip: Á 49.5-16.5, 8 eintök. Eitt eintak á A.

Tog: Á T18, 2 eintök.

Algeng við landið neðarlega í fjörum og út á 30 m dýpi. Norðlæg, suðurmörk við Frakklandsstrendur.

241. Jassa pulchella Leach.

Greip: Á 44-17, 6 eintök.

Hefur áður fundist við Vestmannaeyjar. Grunnsævistegund, frekar norðlæg, norðurmörk við Ísland og N-Noreg.

242. Jassa pusilla (G.O. Sars).

Tog: Á T9, 1 eintak, karldýr.

Hefur ekki fundist áður hér við land, en er útbreidd frá N-Noregi suður í Ermarsund á 20-200 m dýpi.

243. Ischyrocerus anguipes Kröyer.

Tog: Á T6, 1 eintak.

Algeng við landið á 0-100 m dýpi. Norðlæg tegund, e.t.v. pólhverf, suðurmörk í Norðursjó.

244. Ischyrocerus sp.

Greip: Á 48-17 og 49-16, 2 eintök alls.

Tog: Á T3, 3 eintök.

245. Ericthonius hunteri (Sp. Bate).

Tog: Á T1 og T3, allmörg eintök af báðum kynjum.

Hefur áður fundist á 3 stöðum við Vesturland. Útbreidd í Atlantshafi frá N-Noregi suður í Biscayaflóa.

246. Ericthonius sp.

Greip: Á 49.5-16, 1 eintak, karldýr.

Tog: Á T2, karldýr og kvendýr.

247. Corophium bonelli G.O. Sars.

Greip: Á 9 stöðvum, flestum við Katanes, 1-27/stöð.

Tog: Á T1, T3, T4, T8, T18, algengust á T3.

Algeng við landið á 0-40 m dýpi. Útbreidd við strendur V-Evrópu frá N-Noregi til Miðjarðarhafs, en finnst einnig utan N-Atlantshafs. Í Hvalfirði og Skerjafirði virðist C. bonelli algengust á hörðum botni með þörungagróðri. Eggjafull kvendýr fundust á tímabilinu júlí - nóvember.

248. Corophium sp.

Tog: Á T1, eitt eintak.

249. Dulichia spinossima Kröyer.

Tog: Á T3, eitt eintak.

Hefur fundist við alla landshluta en sjaldgæf. Norðlæg tegund, hér sennilega nærri suðurmörkum útbreiðslu sinnar.

250. Dulichia porrecta (Sp. Bate).

Greip: Á 47-16 og 54-13, 6 eintök alls (D. cf. porrecta).

Tog: Á T1 og T9, 7 eintök alls, 6 kvendýr og 1 karldýr.

Áður fundin á einum stað við Vestfirði. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Frakklandsstrendur.

251. Dulichia sp.

Tog: Á T3, eitt eintak.

252. Caprella spp.

Greip: Hér og þar, einkum með ströndinni Katanesmegin og á stöðvunum utan til í firðinum; 1-12/stöð. Auk þess 150 eintök á 54-13. Tíðni 18%.

Tog: Á öllum togstöðvum nema T12 og T14, algengust á T1, T3, T18 (tafla 2 í viðauka).

Hér er um að ræða eintök af tegundunum C. linearis (L.) og C. septentrionalis Kröyer. Þessar tegundir geta verið mjög líkar í útliti, einkum kvendýrin. Í Hvalfirði er talsvert af dæmigerðum eintökum beggja tegunda, en stóran hluta eintakanna var samt sem áður ekki hægt að greina með vissu. Var ákveðið að meðhöndla tegundir þessar sem eina heild. Báðar þessar tegundir hafa fundist víða við landið, C. septentrionalis þó mun oftar og mun hún vera algengari í Hvalfirði heldur en C. linearis. Útbreiðsla beggja tegunda er um Atlantshaf norðanvert og til Kyrrahafs. Tímgun Caprella í Hvalfirði virðist fara fram á tveimur tímabilun, mars-maí og júlí-ágúst. Eins og áður sagði er mjög erfitt að ákvarða kvendýrin til tegundar, svo ekki var hægt að kanna hvort tímgunartíminn er mismunandi milli tegunda þessara.

253. Amphipoda, Genera spp.

Greip: Tvö eintök á A, fjögur á B.

Tog: Á T1, T2, T3, T6, T8, T18. Alls 69 eintök.

Ekki hefur unnist tími til að ákvarða þessi eintök til tegundar en talsverður hluti þeirra tilheyrir sennilega nr. 227, Sympleustes glaber.

Rækjur (Natantia):

254. Crangon allmani Kinahan, hrossarækja.

Tog: Fannst á öllum togstöðvum, víðast 5-50/tog (tafla 2 í viðauka). Algengust á T18.

Algeng tegund við landið á grunnsævi. NA-Atlantshafstegund, nær frá Hvítahafi suður til Írlands. Eggjafull kvendýr fundust á tímabilinu mars-ágúst, en hlutfallslega var mest af þeim í júní.

255. Sclerocrangon boreas (Phipps), marþvari.

Greip: Á 45-17, eitt eintak.

Tog: Lítið af tegundinni á mjúkum botni, kemur þó fyrir á flestum stöðvum, 1-11 eintök á stöð. Algengari á harða botninum á T1 og T3, mest 108/tog á T3 (tafla 2 í viðauka).

Mjög algeng tegund á hörðum botni við landið á 0-50 m dýpi. Norðlæg tegund, suðurmörk útbreiðslu hennar við Ísland og í grennd við Þrándheim í Noregi. Ekkert eggjafullt eintak fannst í Hvalfirði og raunar hafa afar fá eintök með egg fundist hér við land. Í júní fannst mikið af ungviði á T3 og má því telja víst að tegundin tímgist að vorlagi.

256. Eualus (Spirontocaris) gaimardi (H.Milne Edwards), pálsrækja.

Tog: Fremur sjaldséð í sýnum af leðjubotni, heldur algengari á T18 (sandbotn) en langalgengust á harðbotnsstöðvunum T1 og T3, mest 630/tog á T3 (tafla 2 í viðauka).

Mjög algeng við landið á 0-100 m dýpi. Norðlæg tegund með víða útbreiðslu. Eggjafull kvendýr fundust í Hvalfirði október-mars.

257. Eualus (Spirontocaris) pusiolus (Kröyer), litla rækja.

Greip: Á 3 stöðvum grunnt við Katanes, 10 eintök alls.

Tog: Svipuð útbreiðsla í firðinum og hjá undanfarandi tegund. Oft mjög mikið af tegundinni á T1 og T3, mest 1016/tog á T3.

Mjög algeng við landið á 0-300 m dýpi. Útbreidd í N-Atlantshafi og Kyrrahafi. Eggjafull kvendýr fundust á tímabilinu janúar-ágúst, en voru algengust mars-maí.

258. Eualus (Spirontocaris) spinus (Sowerby), þornrækja.

Tog: Á T1 og T3; 1-3/tog.

Fundin víða við alla landshluta á 10-110 m dýpi. Norðlæg tegund, pólhverf.

259. Pandalus montagui Leach, litli kampalampi.

Tog: Á T1, T2, T3, T7, T9, T12, T18. Hvergi mikið af tegundinni, mest 38/tog á T2.

Algeng við suður- og vesturströndina, heldur sjaldgæfari fyrir norðan og austan. Oftast á 20-100 m dýpi. Í N-Atlantshafi og N-Kyrrahafi.

Krabbar (Reptantia):

260. Hyas araneus (L.), stóri trjónukrabbi.

Tog: Á T1, T3 og T18, alls 30 eintök.

Algeng tegund neðst í fjörum og út á 50 m dýpi. Norðlæg, suðurmörk í Ermarsundi. Hvalfjarðareintökin eru flest ungviði. Eitt kvendýr með egg fékkst á T1 í janúar.

261. Hyas coarctatus Leach, litli trjónukrabbi.

Tog: Á T1 og T18, sitt eintakið á hvorri stöð.

Allalgeng tegund hér frá fárra m dýpi og út á 500 m. Atlantshafstegund, norðlæg, suðurmörk við Bretlandseyjar.

262. Macropipus holsatus (J.C. Fabricius), sundkrabbi.

Tog: Á T2, eitt eintak.

Fundin við S- og Vesturland. Suðlæg tegund, hér við land á norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

263. Eupagurus bernhardus (L.), snoðni kuðungakrabbi.

Greip: Eitt eintak á B.

Tog: Á T1, T2, T3 og T18; 1-12/tog.

Algeng við sunnan- og vestanvert landið á 0-100 m dýpi. Auk þess tveir fundarstaðir við Austfirði. Frekar suðlæg tegund, norðurmörk um Ísland og Murmansk. Eitt kvendýr með egg fannst á T1 í janúar.

264. Eupagurus pubescens (Kröyer), loðni kuðungakrabbi.

Tog: Eitt eintak á T1.

Allalgeng tegund við strendur landsins, oftast á 50-100 m dýpi. Norðlæg tegund, pólhverf.

Sæköngulær (Pycnogonida):

265. Chaetonymphon hirtum (Kröyer).

Tog: Á T2, T3, T7, T9; alls 5 eintök.

Fundin hér á nokkrum stöðum á innan við 100 m dýpi. Útbreidd frá N-Noregi til Bretlandseyja.

266. Nymphon longitarse Kröyer.

Tog: Á T3 og T9, eitt eintak á hvorri stöð.

Talin fundin hér á 2 stöðum; við Austfirði og í grennd við Vestmannaeyjar. Norðlæg grunnsævistegund.

267. Nymphon rubrum Hodge.

Tog: Á T1, T3 og T18, alls 6 eintök.

Tegundar þessarar ekki áður getið héðan, en hún er útbreidd frá Íshafsströndum Rússlands suður til Írlands.

268. Pseudopallene circularis Goodsir.

Tog: Á T1, T2 og T3; 1-30/tog.

Hefur fundist á nokkrum stöðum við Norður- og Vesturland, m.a. í Skerjafirði. Grunnsævistegund, útbreidd í N-Atlantshafi, einnig til í Kyrrahafi.

269. Pseudopallene spinipes (O. Fabricius).

Tog: Á T1, T2, T3, T9 og T18; 1-5/tog.

Fundin á nokkrum stöðum við SV-, NV- og Austurland. Grunnsævistegund, norðlæg.

270. Phoxichilidium sp.

Tog: Eitt eintak á T1.

S K R Á P D Ý R (Echinodermata):

Krossfiskar og sæsólir (Asteroidea):

271. Solaster papposus (L.)

Tog: Á T1 og T3; 1-10/tog.

Fundin víða við alla landshluta á 10-170 m dýpi. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Ermarsund.

272. Solaster endeca (L.).

Tog: Á T1 og T3; 1-8/tog.

Fundin við alla landshluta á 0-950 m dýpi. Útbreiðsla áþekk og hjá undanfarandi tegund.

273. Henricia sanguinolenta (O.Fr. Müller).

Tog: Á T1, T3, T7, T9 og T18; 1-26/tog.

Algeng við alla landshluta neðst í fjöru og út á 350 m dýpi. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk í Biscayaflóa.

274. Asterias rubens L.

Greip: Á 13 stöðvum flestum með ströndinni Katanesmegin, eitt eintak á hverri stöð. Eitt eintak á A og eitt á B.

Tog: Á öllum togstöðvum nema T4. Algengust á T1 og T3, mest 250/tog á T3.

A. rubens er mjög algeng tegund hér frá neðri hluta fjöru út á 100 m dýpi. Útbreiðsla frá V-Grænlandi og Hvítahafi suður til Senegal. Vera má, að eitthvað af þeim eintökum sem greind voru sem A. rubens tilheyri tegundinni Leptasterias mülleri (M. Sars), en erfitt getur verið að þekkja þessar tegundir sundur. L. mülleri er talin nokkuð algeng tegund hér á 0-200 m dýpi. Hún er norðlægari en A. rubens og sennilega pólhverf.

Slöngustjörnur (Ophiuroidea):

275. Ophiopholis aculeata (L).

Greip: Eitt eintak á A.

Tog: Á T1 og T3, alls 5 eintök.

Mjög algeng við landið á 0-200 m dýpi. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Bretlandseyjar sunnanverðar.

276. Amphipholis squamata (Delle Chiaje).

Greip: Á 9 stöðvum, flestum við Katanes; 1-12/stöð, nema 100 eintök á 54-13.

Tog: Á T1 og T3, nokkur eintök.

Fundin víða við S-, V- og NV-land á 0-200 m dýpi. Norðurmörk virðast vera úti af Norðurlandi vestanverðu. Suðlæg tegund, útbreiðsla "kosmópolitisk" í tempruðum og heitum höfum.

277. Ophiura albida Forbes.

Greip: Mjög útbreidd á greiparstöðvum, tíðni 83%, mesti þéttleiki 390/m^3 (46. mynd). Ríkjandi tegund á bæði A og B.

Tog: Allalgeng á öllum togstöðvum á öllum árstímum.

Algeng við suður- og vesturströndina, en forðast kaldari sjó. Útbreiðsla austur-atlantísk frá Finnmörku og Írlandi til Miðjarðarhafs og Azoreyja. O. albida er ein ríkjandi tegunda í Hvalfirði. Á föstu greiparstöðvunum er meðalfjöldi á m^2 209 á A en 309 á B, og meðalþyngd g/m^2 er 16.9 á A en 19.2 á B. O. albida er 21.4% af heildarfjölda og 26.4% af heildarþyngd dýra á A, og samsvarandi tölur fyrir B eru 13.4 og 30.5%. Yfirleitt var svo mikið af tegundinni í togsýnum að ógerlegt var að telja eintökin og voru því hlutsýni vegin og eintök í þeim talin. Síðan voru sýnin vegin og fjöldi áætlaður út frá meðalþyngd einstaklinga í hlutsýnum, sem var 0.122 g.

278. Ophiura robusta (Ayres).

Tog: Á T1 og T3; 1-20/tog.

Fundin víða við landið en hvergi í miklum mæli. Norðlæg, nær suður í Norðursjó.

Ígulker (Echinoidea):

279. Echinus esculentus L.

Tog: Á T1 og T3; 1-4/tog.

Allalgeng við landið. NA-Atlantshafstegund, nær frá Finnmörku og Íslandi suður til Portúgal.

280. Strongylocentrotus dröbachensis (O.Fr. Müller), skollakoppur.

Greip: Á 6 stöðvum með landinu Katanesmegin, fáein eintök alls. Eitt eintak á B.

Tog: Mest af tegundinni á T1, T2 og T18, en hún fékkst einnig á nokkrum öðrum stöðvum sjá töflu 2 í viðauka.

Skollakoppur er langalgengasta ígulkerið við strendur landsins, og er víða afar mikið af því. Finnst frá neðri hluta fjöru og út á 1200 m dýpi. Norðlæg tegund, pólhverf, suðurmörk í Norðursjó. Á T1 og T3 (kóralþörungastöðvunum) var tegundin algeng en eintökin alltaf tiltölulega smá, meðalþvermál 2-3 cm, eintök stærri en 4 cm í þvermál voru þar að heita má sjaldgæf. Á T18 (sandbotn) hins vegar er langalgengasta stærð eintaka 5-6 cm í þvermál og minni eintök en 4 cm í þvermál voru þar sjaldgæf.

Sæbjúgu (Holothuroidea):

281. Cucumaria frondosa (Gunnerus), brimbútur.

Tog: Á T1, T2, T3, T11 og T18; algengust á T3, mest 70/tog.

Algeng hér, a.m.k. innfjarða. Atlantshafstegund, norðlæg.

282. Psolus spp.

Greip: Á 5 stöðvum, flestum með ströndinni Katanesmegin, 1-3/stöð.

Tog: Á T1, T3, T8 og T18; mest 180/tog á T3.

Hér er sennilega um 2 Psolus tegundir að ræða.

283. Holothuroidea, Genera spp.

Greip: Á 47-15 og 17 og 53- og 54-17.5; alls 9 eintök.

Tog: Á T1, T2 og T3, allt að 60/tog.

Sennilega um 2-3 tegundir að ræða.

S E I L D Ý R (Chordata):

Möttuldýr (Ascidiacea):

284. Aplidium glabrum (Verrill).

Greip: Á 52.5-17.5, tvö sambýli.

Tog: Á T1, T2, T3, T18; mest á T1 og T3.

Fundin við V-, NV- og SA-land. Norðlæg, nær suður til Skotlands. Eintökin sem hér eru talin eru nokkuð mismunandi og sum þeirra gætu mögulega verið af annarri tegund.

285. Didemnum albidum (Verrill).

Greip: Á 47- og 48-16, 52.5- og 54-17.5; fáein sambýli á hverri stöð.

Tog: Á T1, T3 og T18, nokkur sambýli alls.

Fundin við V-, NV- og Austurland. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk við Hjaltland.

286. Ascidia (? callosa) Stimpson.

Tog: Á T3 og T18, alls 6 eintök.

A. callosa hefur fundist í Faxaflóa. Norðlæg tegund, syðst fundin við S-Noreg.

287. Dendrodoa grossularia (van Beneden).

Greip: Á 52.5-17.5, 7 eintök.

Fundin í Faxaflóa og við Vestfirði. Norðlæg, pólhverf, suðurmörk í Ermarsundi.

288. Styela coriacea (Alder & Hancock).

Tog: Á T1 og T3, sitt eintakið á hvorri stöð.

Fundin við Vestfirði og Norðurland. Svipuð útbreiðsla og hjá nr. 287. Líkur benda til þess, að mikill hluti ógreindra möttuldýra úr Hvalfirði tilheyri þessari tegund.

289. Styela rustica (L.)

Greip: Á 52-18, 53-17.5 og 54-17.5; alls 5 eintök.

Tog: Á T1, T3, T9 og T18. Algeng á T1 og T3, mest 300/tog.

Fundin víða við landið. Norðlæg, pólhverf, nær suður í dönsku sundin. Þessi tegund er mjög algeng í Skerjafirði. Eintökin úr Hvalfirði hafa yfirleitt þyrna við útstreymisop, en eintök úr Skerjafirði eru yfirleitt án slíkra þyrna.

290. Pelonaia corrugata Forbes & Goodsir.

Tog: Á T1, eitt eintak.

Fundin víða hér við land. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður til Bretlandseyja. P. corrugata situr í leðjubotni, en allar aðrar möttuldýrategundir sem fundust í Hvalfirði sitja á hörðu undirlagi.

291. Boltenia echinata (L.)

Greip: Á 6 greiparstöðvum, flestum við Katanes; 1-9/stöð.

Tog: Á T1, T3, T7 og T18. Algengust á T1, mest 60/tog.

Fundin allvíða við vestan- og norðvestanvert landið og á 2 stöðum við Austurland. Norðlæg, pólhverf, nær suður til Bretlandseyja.

292. Halocynthia pyriformis (Rathke).

Greip: Á 52-18 og 52.5-17.5; alls 3 eintök.

Tog: Á T1, T3 og T18, mest 260/tog á T3.

Fundin víða við landið. Norðlæg tegund, nær suður til Færeyja.

293. Molgula citrina Alder & Hancock.

Tog: Eitt eintak á T1.

Fundin við SV-land, Vestfirði og Austfirði. Útbreidd frá Svalbarða og Hvítahafi til Frakklandsstranda.

294. Molgula siphonalis M. Sars.

Tog: Á T1, 8 eintök.

Fundin á ýmsum stöðum í Faxaflóa. Norðlæg, suðurmörk við Færeyjar og vesturströnd Svíþjóðar.

295. Ascidiacea, Genera spp.

Greip: Nokkrir tugir eintaka af 13 stöðvum, flestum á kóralþörungasvæðinu og í ytri hluta fjarðarins.

Tog: Nokkur hundruð eintök, flest af T1 og T3 en einnig nokkur af T2, T8, T9 og T18.

Talsverður hluti þessara möttuldýra tilheyrir vafalaust tegundum þeim, sem getið er um hér á undan, einkum S. coriacea (nr. 288) og Molgula tegundunum.

Fiskar (Pisces):

296. Ammodytes sp.

Tog: Á T3 og T18, sitt eintakið á hvorri stöð.

Bæði eintökin voru greind af Eyjólfi Friðgeirssyni, fiskifræðingi, sem A. marinus Raitt, en talið er að sú tegund sé ríkjandi í Ammodytes ættkvíslinni við sunnanvert landið (Gunnar Jónsson og Eyjólfur Friðgeirsson munnl. uppl.) A. marinus er annars útbreidd frá Múrmansk suður í Norðursjó.

297. Lumpenus lampetriformis (Walbaum), stóri mjóni.

Greip: Á A og B, sitt eintakið á hvorri stöð.

Tog: Á T1, T6 og T18, 1 eintak á hverri stöð.

Algeng tegund hér á grunnsævi. Norðlæg tegund, nær suður að Skotlandsströndum.

298. Lumpenus maculatus (Fries), flekkjamjóni.

Tog: Eitt eintak á T18.

Algengur hér, útbreiðsla svipuð og hjá stóra mjóna.

299. Pholis gunnellus (L.), sprettfiskur.

Greip: Á 52.5-15, 1 eintak.

Tog: Á T1, T3 og T18, alls 34 eintök.

Algeng tegund hér á 0-30 m dýpi. Útbreidd við N-Evrópu suður í Biscayaflóa.

300. Acanthocottus scorpius (L.), marhnútur

Greip: Eitt eintak á B.

Tog: Á T3 og T4, alls 8 eintök.

Algeng tegund hér og útbreidd strandtegund um allt norðanvert Atlantshaf.

301. Agonus cataphractus (L.), sexstrendingur.

Tog: Á T3, 1 eintak.

Algengur í hlýja sjónum hér. Útbreiddur með ströndum frá Hvítahafi suður í Ermarsund.

302. Cyclopterus lumpus L., hrognkelsi.

Greip: Á 49-15, 1 eintak.

Tog: Á T1, T3 og T18; 35 eintök alls.

Algeng tegund hér og við strendur N-Atlantshafs. Öll eintökin sem fengust voru seiði, 1/2 - 2 cm á lengd. Þau komu fyrir frá mars og fram í október, flest fengust í ágúst.

303. Limanda limanda (L.), sandkoli, (= Pleuronectes limanda).

Greip: Eitt eintak á A.

Tog: Á T1, T3, T5, T6 og T18, alls 77 eintök. Algengust á T18, langflest þessara eintaka fengust þar.

Mjög algeng tegund hér og við strendur NA-Atlantshafs. Flest eintökin úr Hvalfirði voru seiði á 1. ári, 2-5 cm á lengd. Af þeim fékkst mest í janúar. Niðurstöður úr könnun á innri hluta Hvalfjarðar (A.I. 1973) sýndu, að sandkoli þar var miklu smávaxnari miðað við aldur en dæmi voru um frá öðrum stöðum hér. Vegna þessa var reynt að aldursgreina stærri eintökin úr þessari söfnun, en það reyndist ekki hægt vegna formalínskemmda í kvörnum.

Önnur dýr:

Flest safnhópar, lítt eða ekki greindir til tegunda.

S V A M P A R (Porifera):

304. cf. Cliona sp.

Tog: Kom einu sinni fyrir á T1.

Borar göng í skeljar lindýra og lifir í þeim. Ættkvíslarinnar ekki getið héðan áður.

305. Porifera, Genera spp.

Greip: Á 5 stöðvum, flestum utan til í firðinum.

Tog: Á T1, T3, T8, T9, T18. Mest á T1 og T3.

Hér er um að ræða nokkrar tegundir (3-6), sem tilheyra a.m.k. tveim flokkum svampa.

H O L D Ý R (Coelenterata):

Hveldýr (Hydrozoa):

306. Coryne sarsi (Lovén).

Tog: Kom einu sinni fyrir á T3.

Sambýli hafa fundist við Reykjavík en hveljustigið er algengt við landið. Útbreidd frá Frakklandsströndum norður í Barentshaf á 0-60 m dýpi.

307. Coryne sp.

Tog: Kom fyrir á T1 og T3, einu sinni á hvorri stöð.

308. Acaulis primarius Stimpson.

Greip: Á 44-17 og 50.5-16, sitt eintakið á hvorri stöð.

Hefur ekki fundist áður hér við land. Mjög sjaldgæf tegund. Hefur fundist í Hvítahafi og á fáeinum stöðum við vesturströnd Noregs, vesturströnd Svíþjóðar og í dönsku sundunum. Auk þess við Fundyflóa á austurströnd Kanada.

309. Tubularia sp.

Tog: Kom einu sinni fyrir á T18.

310. cf. Tubularidae, Genus sp.

Tog: Kom einu sinni fyrir á T1.

311. Perigonimus sp.

Greip: Á 47-16, 49.5-16.5 og 50.5-17.5.

Tog: Á T1 og T2, allalgeng á T1.

Þessi tegund fannst eingöngu sem ásæta á Lepeta coeca (nr. 117).

312. Eudendrium sp.

Tog: Á T1, T3 og T18; fá sambýli alls, sum greind sem cf. Eudendrium sp.

313. Campanularia sp.

Tog: Kom einu sinni fyrir á T3.

314. cf. Laomedea neglecta Alder.

Tog: Kom einu sinni fyrir á T1.

Hefur fundist einu sinni áður hér við land, í Hvalfirði. Suðlæg tegund, algeng við S- og V-Evrópu. Er hér á norðurmörkum útbreiðslu sinnar.

315. Laomedea gracilis (M. Sars).

Tog: Kom fyrir á T1 og T3, einu sinni á hvorri stöð.

Hefur fundist á nokkrum stöðum frá Vestmannaeyjum vestur á Breiðafjörð. Suðlæg tegund, algeng við V-Evrópu og Bretlandseyjar, en frekar sjaldgæf við Noreg og Færeyjar.

316. Laomedea sp.

Tog: Nokkur sambýli af T1 og T3.

317. Calicella syringa (L.).

Tog: Kom einu sinni fyrir á T3.

Fundin allvíða við landið. Útbreidd um flest heimshöf. Aðallega á grunnsævi.

318. cf. Halecium halecinum (L.).

Greip: Á 44-17.

Tog: Kom fyrir á T1 og T3, einu sinni á hvorri stöð.

Fundin á nokkrum stöðum frá suðausturlandi suður og vestur í Faxaflóa. Er fyrst og fremst suðlægrar útbreiðslu, algeng við Bretlandseyjar og í Norðursjó en hefur fundist á fáeinum stöðum norðan heimskautsbaugs.

319. Halecium sp.

Greip: Á 45-17, 48-17 og 52.5-17.5.

Tog: Á T1, T3 og T18, einu sinni á hverri.

320. Plumulariidae, Genus sp.

Tog: Kom fyrir á T3 og T8, einu sinni á hvorri.

Sambýlið sem fékkst á T8 sennilega Thecocarpus sp.

321. Abietinaria abietina (L.).

Tog: Kom einu sinni fyrir á T1.

Mjög algeng við landið á 10-150 m dýpi. Frekar suðlæg, en hefur fundist allt norður á 69°N.

322. Abietinaria fusca (Johnston).

Tog: Á T1 og T8, einu sinni á hvorri.

Fundin á nokkrum stöðum við sunnan- og suðaustanvert landið. Hefur þrönga NA-atlantiska útbreiðslu; fundin frá norðanverðum Bretlandseyjum til vesturstrandar Noregs, við Færeyjar og Ísland.

323. Hydrallmania falcata (L.)

Greip: Eitt sambýli, cf. H. falcata á 48-17.

Tog: Einu sinni á T1.

Mjög algeng við sunnanvert landið og norður til Vestfjarða, en sjaldséð fyrir norðan og austan. Aðallega grunnsævistegund, útbreidd frá Biscayaflóa norður með Noregsströndum.

324. Thuiaria sp.

Greip: Á 45-17 og 48-16.

325. Sertularidae, Genus sp.

Tog: Kom fyrir á T1, T3 og T18.

326. Hydrozoa, Genera spp.

Tog: Af T1, T3 og T18, allnokkuð magn sambýla sem ekki hefur unnist tími til að greina til tegunda.

Áttgeisla kórallar (Octocorallia):

327. Octocorallia, Genus sp.

Greip: Á 44-17.

Tog: Kom einu sinni fyrir á T1.

Eintakið af greiparstöðinni cf. Sarcodictyon sp.

328. Alcyonium digitatum L.

Greip: Á 52.5-17 5.

Tog: Kom fyrir á T1 og T3, þrisvar á hvorri.

Allalgeng við Vestmannaeyjar og í Faxaflóa en ekki fundin annars staðar við landið. Frekar suðlæg tegund, finnst þó norður að heimskautsbaug við strendur Noregs.

Sæfiflar (Anthozoa):

329. Anthozoa, Genus sp.

Tog: Á T1, T2, T7 og T18; 24 eintök alls.

FLATORMAR (Turbellaria):

330. Turbellaria

Greip: Á 48- og 49-17, 51.5-15.5, 51.5-16.5 og 54-13; 1-5/stöð.

Tog: Á T1, T3 og T18; 26 eintök alls.

Flest eintakanna eru af ættbálknum Polycladida.

ÞRÁÐORMAR (Nematoda):

331. Nematoda

Greip: Víða í firðinum, en yfirleitt fáir á hverri stöð (47. mynd). Tíðni 38%. Fáein eintök á A.

Engir þráðormar fundust í togsýnum, hafa trúlega að mestu síast út úr pokanum vegna smæðar.

RANAORMAR (Nemertina):

332. Greip: Hér og þar í firðinum, einkum með löndum (48. mynd). Tíðni 21%. Eitt eintak á A.

Tog: Á T1, T3, T4 og T18; allmörg eintök.

Hér er um a.m.k. 3 tegundir ranaorma að ræða.

PRIAPULIDA:

333. Priapulus caudatus (Lamarck), maðkamóðir.

Greip: Á 47-16, 52-18 og 54-13; 1-7/stöð.

Tog: Eitt eintak á T1.

Getið frá nokkrum stöðum við flesta landshluta (W.L. 1937) en talin frekar sjaldgæf. Hefur á síðustu árum fundist í allnokkrum mæli á ýmsum stöðum, s.s. Ósum, Skerjafirði, Akureyrarpolli og Hraunsfirði. Hefur einnig fundist í fjöruleirum a.m.k. suðvestan- og vestanlands (A.I. munnl. uppl.). P. caudatus er norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Ermarsund.

SÆBELGIR (Sipuncula):

334. cf. Phascalosoma margaritaceum (Sars).

Greip: Á 53-17.5, eitt eintak.

Fundin á nokkrum stöðum við N-, NV- og SV-land. Norðlæg tegund, pólhverf, suðurmörk við Bretlandseyjar.

335. cf. Phascalosoma sp.

Greip: Á 44-17 og 47-16, 1 eintak á hvorri.

336. Phascolion strombi (Montagu).

Tog: Á T1, T7 og T18, alls 8 eintök.

Fundin allvíða við alla landshluta nema Norðurland. Norðlæg tegund, pólhverf, nær suður í Ermarsund.

337. Sipuncula, Genera spp.

Tog: Á T1, T3, T6 og T18, alls 14 eintök.

Flest þessi eintök sennilega P. strombi.

ÁNAR (Oligochaeta):

338. Oligochaeta.

Greip: Algengir víða í firðinum, mest 2245/m^2 (49. mynd). Tíðni 31%. Þrjú eintök á B.

Hér er sennilega um nokkrar tegundir ána að ræða.

PHORONIDA:

339. cf. Phoronida.

Tog: Á T9. Í göngum í dauðri hörpudiksskel.

MOSADÝR (Bryozoa):

340. Bryozoa, Genera spp.

Greip: Á 50.5-17.5

Tog: Á T1, T3, T4 og T18. Algengust á T3 og T1.

Hér er um að ræða ýmsar gerðir mosadýra, sennilega 4-6 tegundir alls.

Heimildir

Agnar Ingólfsson, Arnþór Garðarsson, Sveinn Ingvarsson. 1972. Botndýralíf í Akureyrarpolli. Könnun í marz 1972. Fjölrit Náttúrugripasafnsins á Akureyri nr. 3.

Agnar Ingólfsson. 1974. Botndýralíf í Borgarfirði og Hvalfirði. Sunddýr. Háskóli Íslands, Líffræðiskor. Handrit.

Agnar Ingólfsson. 1976. Forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Þorskafjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit nr. 8.

Agnar Ingólfsson. 1977. Marflær og þanglýs. Náttúrufræðingurinn 46:146-152.

Árni Heimir Jónsson, Bogi Ingimarsson. 1973. Botndýralíf í Hvalfirði: Botns- og Brynjudalsvogi. Könnun í marz 1973. Háskóli Íslands, Líffræðiskor. Handrit.

Arnþór Garðarsson. 1973. Nýjungar un íslenska burstaorma. Náttúrufræðingurinn 43:77-91.

Arnþór Garðarsson, Kristín Aðalsteinsdóttir. 1977. Rannsóknir í Skerjafirði I. Botndýralíf. Líffræðistofnun Háskólans. Fjölrit nr. 9.

Ball, D.F. 1964. Loss-on-ignition as an estimate of organic water and organic carbon in noncalcareous soils. J. Soil. Sci. 15:84-92.

Hartmann-Schröder, G. 1971. Die Tierwelt Deutschlands. 58. Annelida, Polychaeta. Veb. Gustav Fischer Verlag, Jena.

Helgi Guðmundsson. 1974. Botndýralíf í Ósum, Gullbringusýslu. Háskóli Íslands, Líffræðiskor. Handrit.

Hermann Einarsson. 1941. Survey of the benthonic animal communities of Faxa Bay (Iceland). Medd. Komm. for Danmarks Fiskeri- og Havunders. 11(1):1-46.

Ingimar Óskarsson. 1959. Skeldýranýjungar. Náttúrufræðingurinn 28:205-208.

Jón Baldur Sigurðsson. 1974. Botndýralíf í Hraunsfirði. Líffræðistofnun Háskólans. Handrit.

Jón Baldur Sigurðsson. 1979. Íslenskir baktálknasniglar I. Inngangur og sekktannar. Náttúrufræðingurinn 49:175-189.

Karl Gunnarsson. 1977. Þörungar á kóralsetlögum í Arnarfirði. Hafrannsóknir 10:3-10. Hafrannsóknastofnunin, Reykjavík.

Kirkegaard, J. B. 1969. A quantitative investigation of the central North Sea Polychaeta. Spolia Zool. Mus. Haun. 29:9-285. Copenhagen.

Knight-Jones, P., Knight-Jones, W. 1977. Taxonomy and ecology of British Spirorbidae (Polychaeta). J. Mar. Biol. Ass. U.K. 57:453-499.

Newell, R. 1965. The role of detritus in the nutrition of two marine deposit feeders, the prosobranch Hydrobia ulvae and the bivalve Macoma balthica. Proc. Zool. Soc. London 144(1): 24-25.

Pettibone, M.H. 1963. Marine polychaete worms of the New England Region. Bulletin 227 Part 1. Smithsonian Institution, Washington.

Spärck, R. 1937. The benthonic animal communities of the coastal waters. The Zoology of Iceland. 6. Ejnar Munksgaard, Copenhagen and Reykjavik.

Stefán Kristmannsson. 1979. Skýrsla um endurnýjunartíma ferskvatns í Hvalfirði. Hafrannsóknastofnunin, Reykjavík. Handrit.

Wesenberg-Lund, E. 1937. Gephyrea. The Zoology of Iceland. II, 23. Ejnar Munksgaard, Copenhagen and Reykjavik.

Wesenberg-Lund, E. 1951. Polychaeta. The Zoology of Iceland. II, 19. Ejnar Munksgaard, Copenhagen and Reykjavik.

Tafla 1

Kornastærð (mm), % af heildarþyngd sýnis.

Sýni nr.	>4	4-2	2-1	1-0.5	0.5-0.25	0.25-0.125	0.125-0.063	<0.063
47 -15	70.4	7.1	5.1	2.9	2.8	0.1	10.6	1.0
48 -15	25.7	2.8	4.2	7.4	24.5	31.7	3.3	0.3
49 -15	24.1	5.9	7.6	13.4	28.1	12.2	6.9	1.7
49 -17	0.0	0.3	0.4	0.5	1.1	12.5	41.8	43.4
49.5-15	0.0	0.0	0.2	0.1	0.7	35.2	56.5	7.3
49.5-15.5	0.0	0.0	0.2	0.6	1.6	25.7	40.5	31.1
49.5-16	25.9	2.9	2.6	2.4	2.6	7.1	22.2	34.4
49.5-16.5	7.8	6.9	7.8	8.8	9.9	12.9	29.7	16.2
49.5-17	0.0	0.0	0.1	0.1	8.6	74.7	16.5	0.0
50 -15	0.4	0.2	0.2	0.1	0.3	37.7	55.3	5.9
50 -15.5	0.0	0.5	0.3	0.2	1.5	7.0	39.1	51.5
50 -16	0.0	0.2	0.3	1.2	1.0	8.5	41.9	46.9
50 -16.5	3.0	2.9	2.1	3.0	3.6	9.2	24.3	52.0
50 -17	2.9	6.4	21.4	40.2	20.1	7.2	0.3	1.6
50.5-15.5	7.6	3.6	1.9	1.3	5.4	58.7	19.9	1.8
50.5-16	0.0	0.0	0.0	0.2	0.5	3.8	26.1	69.5
50.5-16.5	0.0	0.0	1.6	0.6	0.4	6.4	25.9	65.2
50.5-17	0.0	0.0	0.0	0.3	4.2	4.2	32.1	59.3
50.5-17.5	44.1	21.4	9.5	6.1	4.2	2.7	4.5	7.6
51 -15.5	3.5	5.3	7.7	16.4	15.0	5.5	21.0	25.6
51 -16	0.0	0.0	0.3	1.6	0.0	2.5	21.1	74.5
51 -16.5	0.0	0.3	0.2	0.9	0.3	2.2	36.5	59.4
51 -17	0.0	0.0	0.4	0.0	0.1	0.3	22.3	76.9
51 -17.5	16.9	5.4	3.4	3.4	4.9	13.3	23.3	29.4
51.5-15.5	0.0	0.3	0.1	0.3	0.3	13.7	49.9	35.6
51.5-16	0.5	0.1	0.1	0.3	0.9	11.1	43.1	44.0
51.5-16.5	0.0	0.0	0.1	0.2	1.1	8.9	35.3	54.4
51.5-17	0.0	0.0	0.2	0.1	5.0	21.3	35.9	37.5
51.5-17.5	25.9	11.2	9.9	10.7	4.0	5.8	5.9	26.8
52 -15	0.0	0.5	0.4	0.3	0.2	32.3	64.0	2.3
52 -15.5	0.0	0.0	0.1	0.2	0.8	30.4	49.6	18.9
52 -16	0.2	0.2	0.0	0.2	0.6	6.2	38.4	54.2
52 -16.5	1.9	0.0	0.1	0.3	0.8	9.0	38.1	49.8
52 -17	0.0	0.4	0.2	0.5	0.8	1.4	19.9	76.7
52 -17.5	0.0	0.0	0.0	0.0	0.2	0.4	20.8	78.6
52.5-14.5	0.6	0.3	0.5	5.0	66.1	26.7	0.7	0.2
52.5-15	13.3	3.2	8.6	36.0	29.8	8.6	0.4	0.1
52.5-16	0.0	0.0	0.7	0.3	0.4	25.1	51.0	23.2
53 -14.5	7.1	2.1	1.6	1.8	2.3	10.9	36.9	37.4
53 -15	0.0	0.0	0.1	0.2	0.9	23.1	42.8	32.9
53 -15.5	0.0	0.1	0.1	0.2	0.5	12.3	48.9	38.0
53 -16.5	0.7	1.7	0.5	0.5	1.0	5.1	25.7	64.8
53 -17	1.8	3.8	2.4	3.4	3.5	8.3	29.7	47.1
53.5-16	0.0	0.0	0.2	0.4	0.9	3.2	30.9	64.4
53.5-16.5	0.0	0.2	0.3	0.4	1.3	6.2	50.7	41.1
53.5-17	1.0	2.4	2.1	1.9	2.4	6.7	25.7	58.2
53.5-17.5	45.1	2.0	2.4	12.5	32.5	4.5	0.8	0.2
54 -13	0.0	0.9	0.6	0.9	1.5	5.0	30.4	60.8
54 -14	0.0	4.9	4.1	3.5	2.5	0.5	13.9	70.7
54 -15	2.5	0.0	0.6	0.7	0.6	1.3	12.0	82.3
54 -16	0.0	0.0	0.7	1.3	1.5	2.2	20.4	73.9
54 -16.5	0.0	0.6	0.2	0.2	0.6	1.2	17.2	79.9
54 -17	0.0	0.0	0.0	0.4	4.8	5.8	21.1	67.9
54 -17.5	34.8	4.8	1.7	2.1	2.0	0.6	11.7	42.3
55 -15	0.0	0.0	0.3	0.4	0.9	1.8	39.7	57.0
55 -16	0.0	0.0	0.1	0.0	0.3	0.3	9.6	89.7
55 -18	4.4	8.7	8.0	5.7	4.8	9.2	20.9	38.3
56 -15	0.0	0.9	1.0	0.9	1.1	1.3	12.7	82.2
56 -16	0.0	0.0	0.0	0.0	0.3	0.2	5.1	94.4
56 -17	0.0	0.0	0.0	0.2	0.3	0.3	3.3	96.0

Tafla 2

Tegundir með 50% tíðni eða meira á greiparstöðvum 4. júlí 1975.

Fjöldi stöðva = 79.

Tegund	Tíðni %
Eteone longa	87
Myriochele oculata	84
Ophiura albida	82
Scoloplos armiger	72
Spio limicola	71
Cossura longocirrata	65
Nepthys ciliata	65
Ammotrypane aulogaster	65
Terebellides stroemi	62
Chaetozone setosa	59
Sternaspis scutata	57
Paraonis gracilis	53
Spio filicornis	51

Tafla 3

Algengustu tegundir og safnhópar á greiparstöðvum miðað við eintakafjölda.

Tegund	Fjöldi eintaka alls á greiparstöðvum
Myriochele oculata	5809
Cossura longocirrata	1533
Sternaspis scutata	1113
Chaetozone setosa	911
Scoloplos armiger	814
Ophiura albida	598
Terebellides stroemi	564
Spio limicola	528
Eteone longa	507
Spio filicornis	458
Ammotrypane aulogaster	445
Oligochaeta	404
Paraonis gracilis	326
Spio théeli	248

Tafla 4

Tegundir með 50% tíðni eða meira á togstöðvum 4. júlí 1975.

Fjöldi stöðva = 13.

Tegund	Tíðni %
Crangon allmani	100
Mysis mixta	100
Myriochele oculata	100
Ophiura albida	100
Asterias rubens	100
Nepthys ciliata	92
Terebellides stroemi	92
Yoldia hyperborea	92
Pectinaria granulata s.l.	85
Sternaspis scutata	85
Leda minuta	85
Serripes groenlandicus	85
Caprella spp.	69
Musculus discors	69
Cardium ciliatum	69
Abra nitida	69
Gattyana cirrosa	62
Ampharete acutifrons	62
Arctica islandica	62
Mya sp.	62

Tafla 5

Algengustu tegundir á togstöðvum miðað við eintakafjölda.

Tegund	Fjöldi eintaka
Ophiura albida	80222
Yoldia hyperborea	3629
Mysis mixta	3079
Sternaspis scutata	2298
Terebellides stroemi	1105
Acmaea virginea	964
Tonicella marmorea	911
Crangon allmani	701
Caprella spp.	483
Eualus pusiolus	449
Serripes groenlandicus	385
Nepthys ciliata	271
Margarites groenlandicus	252
Strongylocentrotus dröbachensis	238
Harmothoë extenuata	229
Asterias rubens	212
Pectinaria granulata s.l.	184
Ischnochiton albus	152
Cardium ciliatum	127
Abra nitida	120
Lepidonotus squamatus	119
Myriochele oculata	x 1)

1) Ekki talin, en eintakafjöldi skipti tugum þúsunda.

Tafla 6

Fjöldi Mysis mixta í sýnum af föstum togstöðvum á hverjum stað og tíma. - táknar að stöðinni hafi verið sleppt.

	T-1	T-2	T-3	T-5	T-6	T-7	T-18
4.7.75	108	228	343	95	-	120	580
12.8.75	0	405	110	76	267	90	130
13.9.75	10	59	70	833	220	415	902
25.10.75	-	-	3	-	-	-	-
31.1.76	36	-	-	-	-	-	26
5.3.76	37	1	29	-	18	16	2
4.5.76	0	0	-	-	0	1	0
3.6.76	-	2	0	-	-	9	0
10.7.76	-	-	0	-	13	-	1600
6.8.76	0	-	-	-	-	-	728

Tafla 7

Fjöldi Crangon allmani í sýnum af föstum togstöðvum á hverjum stað og tíma. - táknar að stöðinni hafi verið sleppt.

	T-1	T-2	T-3	T-5	T-6	T-7	T-18
4.7.75	5	13	6	18	-	22	205
12.8.75	0	19	0	5	18	2	96
13.9.75	1	9	2	36	7	24	101
25.10.75	-	-	2	-	-	-	-
31.1.76	1	-	-	-	-	-	448
5.3.76	181	10	1	-	112	44	114
4.5.76	0	55	-	-	86	176	2
3.6.76	-	150	2	-	-	28	21
10.7.76	-	-	0	-	6	-	49
6.8.76	1	-	-	-	-	-	41

Tafla 8

Fjöldi Sclerocrangon boreas í sýnum af föstum togstöðvum á hverjum stað og tíma. - táknar að stöðinni hafi verið sleppt.

	T-1	T-2	T-3	T-5	T-6	T-7	T-18
4.7.75	15	0	9	0	-	2	0
12.8.75	78	0	10	0	0	0	0
13.9.75	12	0	16	0	0	0	1
25.10.75	-	-	15	-	-	-	-
31.1.76	29	0	-	-	-	-	0
5.3.76	29	0	0	-	0	0	0
4.5.76	11	0	-	-	1	1	0
3.6.76	-	6	108	-	-	0	0
10.7.76	-	-	3	-	0	-	1
6.8.76	61	-	-	-	-	-	2

Tafla 9

Fjöldi Eualus pusiolus í sýnum af föstum togstöðvum á hverjum stað og tíma. - táknar að stöðinni hafi verið sleppt.

	T-1	T-2	T-3	T-5	T-6	T-7	T-18
4.7.75	21	0	380	0	-	1	13
12.8.75	644	17	230	0	1	12	0
13.9.75	30	3	431	0	0	0	9
25.10.75	-	-	1016	-	-	-	-
31.1.76	501	-	-	-	-	-	22
5.3.76	150	24	920	-	0	0	67
4.5.76	310	0	-	-	0	0	0
3.6.76	-	0	963	-	-	0	0
10.7.76	-	-	155	-	0	-	0
6.8.76	543	-	-	-	-	-	9

Tafla 10

Fjöldi Eualus gaimardi í sýnum af föstum togstöðvum á hverjum stað og tíma. - táknar að stöðinni hafi verið sleppt.

	T-1	T-2	T-3	T-5	T-6	T-7	T-18
4.7.75	20	0	12	0	-	0	0
12.8.75	236	8	140	0	1	9	1
13.9.75	24	0	371	0	0	1	9
25.10.75	-	-	215	-	-	-	-
31.1.76	631	-	-	-	-	-	30
5.3.76	246	0	7	-	0	1	1
4.5.76	2	0	-	-	0	0	0
3.6.76	-	22	8	-	-	0	0
10.7.76	-	-	68	-	0	-	0
6.8.76	35	-	-	-	-	-	6

Tafla 11

Fjöldi Caprella spp. í sýnum af föstum togstöðvum á hverjum stað og tíma. - táknar að stöðinni hafi verið sleppt.

	T-1	T-2	T-3	T-5	T-6	T-7	T-18
4.7.75	0	1	175	0	-	55	15
12.8.75	17	10	660+)	0	5	49	11
13.9.76	0	0	26	95	1	9	222
25.10.75	-	-	75	-	-	-	-
31.1.76	130	-	-	-	-	-	1
5.3.76	25	7	134	-	5	1	25
4.5.76	14	0	-	-	0	0	0
3.6.76	-	1	30	-	-	0	0
10.7.76	-	-	223	-	0	-	0
6.8.76	1	-	-	-	-	-	0

+) Mikið af örsmáu ungviði, sem var ekki talið nema að hluta.

Tafla 12

Heildarfjöldi (n) algengustu krabbadýrategunda í togsýnum á hverjum tíma og hlutfall (%) dýra með egg.

Tegund	4/7		12/8		13/9		25/10		31/1		5/3		4/5		3/6		10/7		6/8	
	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%	n	%
Mysis mixta	3079	0	1078	0	2509	0	3	0	62	81	103	95	1	0	11	0	1613	0	728	0
Eualus pusiolus	449	14	904	5	473	0	1016	<1	523	10	1161	34	310	33	963	21	155	5	552	11
Eualus gaimardi	38	0	395	0	405	0	215	1	661	11	256	22	2	0	30	0	68	0	41	0
Crangon allmani	701	12	140	2	180	0	2	0	449	0	462	15	319	4	201	45	55	2	42	0
Sclerocrangon boreas	38	0	88	0	29	0	15	0	29	0	29	0	13	0	114	0	4	0	63	0
Caprella spp.	483	27	752+)	34	353	9	75	3	131	3	197	34	14	43	31	3	223	28	1	(100)

+) Mikið af ungviði sem aðeins var talið að hluta.

Tafla 13

